



SKÁKSAMBAND
STOFNAÐ 1925 **ÍSLANDS**

Ársskýrsla 2024-25

Ársreikningar 2024

Skýrsla stjórnar

**SKÁKSAMBANDS
ÍSLANDS**

fyrir starfsárið

8. júní 2024 – 14. júní 2025

Lögð fram á 100. aðalfundi

Efnisyfirlit

Fundargerð aðalfundar 2024	5
Skipan stjórnar og verkaskipting	12
Verkaskipting stjórnar.....	12
Stjórnarfundir	12
Starfsmaður og skrifstofa.....	12
Skýrsla skólustjóra Skákskóla Íslands	13
Ýmis starfsemi	20
Heimasíða SÍ.....	20
Félagagrunnur SÍ.....	20
Fréttabréf SÍ	20
Landsliðsverkefni.....	20
Alþjóðlegir áfangar	21
Skákdagurinn	21
Kvennaskáknefnd Skáksambands Íslands.....	21
Tímaritið Skák	23
Innlend mót	24
Skákþing Íslands 2024 – áskorendaflokkur	24
Íslandsmót skákfélaga 2024-25.....	26
Úrvalsdeild.....	26
1. deild.....	27
2. deild.....	29
3. deild.....	30
4. deild.....	31
Íslandsmót barna- og unglingsveita 2024	32
Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák 2024.....	36
Íslandsmótið í atskák 2024.....	37
Ungmennameistaramót Íslands 2024 (U-22)	38
Íslandsmót kvenna í hraðskák 2024.....	39
Íslandsmót ungmenna (u8-u16) 2024	41
Íslandsmót stúlknasveita 2025	47
Íslandsmót grunnskólasveita 2025	50
Íslandsmót barnaskólasveita 2025	52
Íslandsmótið í netskák.....	55
Íslandsmót barnaskólasveita, 2025, 1.–3. bekkur	56
Landsmótið í skólaskák 2025.....	58
Síminn Invitational netskák mótið	63

Afmælimót FIDE 2024.....	66
Reykjavíkurskáknotið 2025 – í boði Kviku eignastýringar og Brims	68
Skáknot og landskeppnir erlendis	71
Ólympíuskáknotið 2024.....	71
Norðurlandamót	74
Norðurlandamót ungmenna 2025 (Norðurlandamótið í skólaskák)	74
Norðurlandamót stúlkna 2025.....	77
Norðurlandamót grunnskólasveita 2024	79
Norðurlandamót barnaskólasveita 2024	80
Chess Mates	81
Evrópumót.....	82
Evrópumót ungmenna 2024.....	82
Evrópumót einstaklinga 2024	84
Evrópumót taflfélaga 2024	85
EM einstaklinga 2025	87
Heimsmeistaramót	88
HM ungmenna 2024	88
HM barna 2024	89
Heimsmeistaramót öldungasveita 2024	90
Heimsmeistaramót öldungasveita 2025	91
Viðaukar.....	92
Forsetar Skáksambands Íslands	92
Heiðursfélagar Skáksambands Íslands.....	93
Skákmeistarar Íslands 1913–2024	95
Íslandsmeistarar kvenna 1975–2024.....	97
Íslandsmeistarar skákfélaga 1975–2024	98
Hraðskákmeistarar Íslands 1945–2024.....	99
Atskákmeistarar Íslands 1988–2024.....	100
Aðildarfélög Skáksambands Íslands	102
Fjárhagslegar upplýsingar.....	103

Fundargerð aðalfundar 2024

Aðalfundur Skáksambands Íslands 2024

Haldinn í Skákhöll TR Faxafeni 12, Reykjavík, 8. júní 2024 kl. 9:00

1. Forseti setur fundinn

Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Ágústi Sindra Karlssyni sem fundarstjóra. Forseti lagði jafnframt til að Harald Björnsson yrði fundarritari. Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða.

2. Fundargerð síðasta fundar

Helgi Áss Grétarsson kemur með athugasemd. Texti áður: “Helgi gerir athugasemd við tillöguna” en vill bæta við að hann hafi gert athugasemd við tillöguna “svo breytta”.

Athugasemdin samþykkt.

3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn

Helgi Áss Grétarsson rifjaði upp reglur um fundarsókn og gerði síðan grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn.

TR 7 fulltrúar

TG 4 fulltrúar

TV 4 fulltrúar - 3 mættir

SA 4 fulltrúar - 3 mættir

Fjölnir 4 fulltrúar - 3 mættir

Vinaskákfélagið 3 fulltrúar - 3 mættir

Haukar 1 fulltrúi

Skákgengið 2 fulltrúar Skákdeild KR 8 fulltrúar Goðinn 4 fulltrúar Skákfélag Íslands - 1 fulltrúi

Tillaga kjörbréfanefndar samþykkt.

Fundarstjóri gerir tillögu um að liður 7. verði færður framur í dagskrá og verði næsta mál.

4. Innganga nýrra félaga

Jón Þorvaldsson gerir grein fyrir félaginu 64 Mislyndum biskupum. Félagið með það meginmarkmið að skemmta félagsmönnum. Samþykkt einróma að félagið gangi í Skáksambandið.

Formaður kjörbréfanefndar kemur aftur í pontu og leggur kjörbréf **Jóns Þorvaldssonar** til samþykktar sem samþykkt er einróma.

5. Forseti flytur skýrslu stjórnar

Skýrsla stjórnar var fyrirliggjandi á fundinum og hafði verið birt á netinu fyrir fundinn. Forseti kom inn á ýmis atriði sem nánar má lesa um í skýrslu stjórnarinnar. Forseti fór yfir helstu mót ársins.

Sérstaklega fjallað um Reykjavíkurmótið sem virðist vera réttu megin við núllið. Þá reifaði hann þau Norðurlandamót, Evrópumót og Heimsmeistaramót sem haldin voru á árinu.

Alexandr Domalchuk-Jonasson nýr titilhafi en hann varð alþjóðlegur meistari á árinu.

6. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs.

Harpa Ingólfssdóttir Gígja gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum. Þeir lágu fyrir fundinum og höfðu verið birtir fyrir fundinn á skák.is. Tap ársins nam 2,7 m.kr. Heildareignir 75,3 m. kr.. Eigið fé 68,5 m. kr.

Harpa fór yfir helstu tekjur og gjöld. Töluvert lægri tekjur en árið 2022. Helsti munurinn sá að heimsmeistaramótinu í slembiskák fylgdu miklir fjármunir árið 2022. Laun og launatengd gjöld hækka um 1,5 m. kr. en það var í tengslum við kjarasamningsbundnar hækkningar.

Styrktarsjóður nú færður innan reikninga sambandsins.

7. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera

Oddgeir Ottesen biður um orðið

Spyr hvort listi yfir nefndir sé tæmandi og spyr hvort ekki vanti eina fundargerð stjórnar. Að auki spyr Oddgeir um úthlutun úr Sigtryggssjóði. Þá biður Oddgeir skoðunarmenn um að gera grein fyrir vinnu sinni.

Bragi Halldórsson biður um orðið.

Hrósar skýrslu stjórnar en nefnir að aðalfundur sé vettvangur til að ræða það sem betur má fara. Honum er mikið hjartans mál að Tímaritið Skák haldi áfram að koma út. Hann reifar söguna á bakvið endurútgáfu blaðsins. Stjórn sambandsins tók í byrjun ekki vel í að gefa blaðið út. Bragi telur mikilvægt að halda utan um skáksöguna með útgáfu tímarits. Í maí 2021 var ákveðið á aðalfundi sambandsins með yfirgnæfandi meirihluta fundargesta að hefja útgáfuna. Ritstjóri var ráðinn og

útgáfa hófst, með herkjum. Stjórn sambandsins ákvað í febrúar 2024 að hætta útgáfu tímaritsins. Bragi telur að stjórnin hafi þar farið út fyrir valdsvið sitt þar sem hún sé að fara gegn samþykkt aðalfundar. Tímaritið Skák aldrei nefnt í skýrslu stjórnar. Ekki gerð grein fyrir útgáfu tímaritsins í ársreikningi. Þetta telur Bragi ámælisvert og óskar skýringa. Bragi biður um sundurliðaða reikninga tímaritsins þar sem koma fram tekjur og gjöld.

Formaður kjörbréfanefndar kynnir kjörbréf sem borist hefur frá Víkingaklúbbnum. Félagið á rétt á 4 fulltrúum og senda einn fulltrúa. Hann er samþykktur.

Kristján Örn Elíasson biður um orðið

Er með vangaveltur varðandi fundargerð stjórnar frá 24. apríl. Les upp úr fundargerðinni þar sem fjallað er um kæru sambandsins á hendur Héðni Steingrímssonar. Fundarstjóri óskar eftir því að hann taki þennan lið undir öðrum málum.

Gjaldkeri kemur í pontu og segir að rekstur sambandsins sé mjög þungur og því hafi rekstur blaðsins reynst sambandinu þungur. 1,6 milljónir í kostnað og 3-400 í tekjur.

Gunnar Björnsson segir að eftir eigi að setja inn nýjustu fundargerð og að listinn yfir nefndir sé tæmandi. Gerir í stuttu máli grein fyrir úthlutun úr styrktarsjóð, m.a. hafi hann verið notaður til að hjálpa Vigni Vatnari að verða stórmeistari.

Bragi Halldórsson kemur aftur í pontu og ítrekar spurningar sínar. Vill fá að vita hversu hár styrkur skáksambandsins er til blaðsins.

Gunnar Björnsson kemur aftur í pontu og segir að auglýsingar sem birtar hafi verið í blaðinu hafi verið birtar án greiðslu.

Jon Olav Fivelstad skoðunarmaður reikninga kemur í pontu og fer yfir þær spurningar sem hann hafði varðandi reikningana og þær skýringar sem hann hafði. Oddgeir spyr hvort hann hafi fengið að skoða bankareikningana en Jan Olav svarar því að hann hafi aðeins skoðað ársreikninginn. Ársreikningur samþykktur einróma.

8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og tillaga stjórnarinnar um árgjöld sambandsins. Almennar umræður og afgangsla.

Forseti kynnir fjárhagsáætlun SÍ fyrir starfsárið 2024-2025. Segir að reksturinn sé áskorun.

Leggur fram tillögu stjórnar um árgjöld til sambandsins. Almenn krafa send til allra eldri en 20 ára sem tefla kappskák á árinu.

Oddgeir Ottesen biður um orðið. Skáksambandið hefur enga heimild til að senda félagsmönnum aðildarfélaga “aðildargjöld”. Telur þetta vera ólöglegt og vinna gegn hagsmunum félaganna.

Hermann Aðalsteinsson leggur til að tillagan verði samþykkt. Segir að hún rími við verklag hjá mörgum Evrópulöndum.

Hjörvar Steinn Grétarsson er í grunninn sammála tillögunni en vill fá að vita hver raunkostnaðurinn er við innheimtu gjaldanna.

Gunnar Björnsson segir að raunkostnaðurinn verði líklega um 100-150 kr. per kröfu.

Fundarstjóri leggur fjárhagsáætlun næsta árs fyrir fundinn. Samþykkt einróma. Fundarstjóri leggur fram tillögu skáksambandsins fyrir fundinn. 15 samþykkja. 13 á móti. Tillagan samþykkt.

9. Kosning í stjórnarmenn og varastjórn

Forseti gerir tillögu um aðalstjórn:

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir Harpa Ingólfssdóttir, Agnar Tómas Möller, Daði Ómarsson, Auðbergur Magnússon og Helgi Brynjarsson

Varastjórn:

Stefán Bergsson, Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir, Harald Björnsson og Hermann Aðalsteinsson

10. Kosning skoðunarmanna reikninga

Oddgeir Ottesen býður sig fram sem skoðunarmaður reikninga.

Forseti leggur til að Oddgeir og **Jon Olav Fivelstad** verði aðalmenn. Varamaður **Heiðar Ásberg Atlason**.

11. Kjörbréfanefnd.

Helgi Áss, Róbert Lagerman, Gauti Páll Jónsson lagðir til sem aðalmenn. **Kjartan Maack, Magnús Matthíasson og Björn Ívar Karlsson** varamenn. Samþykkt einróma.

12. Dómstóll SÍ

Forseti leggur þá tillögu að Sverrir Örn Björnsson komi inn fyrir Björgvin sem varamaður.

Bragi Halldórsson gefur ekki kost á sér áfram. Forseti óskar eftir tilnefningum. **Róbert Lagerman** gefur kost á sér.

Halldór Brynjar Halldórsson, Róbert Lagerman og Ólafur Evert Úlfsson kosnir aðalmenn.

Sverrir Örn Björnsson, Veronika Steinunn Magnúsdóttir og Tómas Veigar Sigurðsson kosin varamenn.

10:30 Kaffipása

13. Önnur mál

13 a) Tillaga Braga Halldórssonar um að tímaritið Skák verði gefið út áfram.

Tillaga:

Aðalfundur Skáksambands Íslands felur stjórn sambandsins að sjá til þess að Tímaritið Skák verði gefið út áfram, að minnsta kosti tvisvar á ári (t.d. 50-60 bls. í hvert sinn) Fundurinn telur að Skáksambandinu beri skylda til að leggja sitt af mörkum til að varðveita skáksögu landsins til framtíðar með þessum hætti. Jafnframt felur fundurinn stjórn SÍ að ráða ritstjóra á launum og fela honum að skipa 3-5 manna ritstjórn sér til halds og trausts. Kostnaði við útgáfuna yrði stillt í hóf og

tekna aflað með áskriftargjöldum, auglýsingum og fjárhagslegum stuðningi úr styrktarsjóði Skáksambandsins sem heimilt er skv. reglugerð um hann.

Gauti Páll Jónsson ritstjóri tímaritsins Skákar kemur í pontu og gerir grein fyrir rekstri tímaritsins. Hann hafi verið þungur því ekki hafi verið seldar áskriftir að blaðinu. Fer yfir bréf sem hann sendi stjórn SÍ til rökstuðnings áframhaldandi útgáfu. Ritstjórn safnaði áskriftum í vor. Það sem safnaðist fyrir nýja blaðið voru 633 þúsund krónur. Er bjartsýnn á að blaðið haldist réttu megin við núllið.

Bragi Halldórsson kemur í pontu. Telur sig vera að gera stjórn skáksambandsins greiða með gagnrýni á ákvörðun hennar um að hætta útgáfu tímaritsins. Telur að skrif skákmanna í blaðið sé leið þeirra til framfara.

Jóhanna Björg kemur í pontu. Þakkar Gauta fyrir vel unnin störf. Finnst sorglegt hvað dreifingin á blaðinu var lítil. Stjórnin vildi blaðinu vel og kom með tillögur um lækkun á kostnaði. T.d. að þeir sem vildu útprentað blað myndu geta pantað það sérstaklega. Ekki var vilji til þess að lækka kostnað og því sé sorglega staðreyndin sú að blaðið sé einfaldlega ekki að fá næga dreifingu til að svara kostnaði.

Bragi kemur aftur í pontu og ítrekar að stjórn geti ekki farið gegn ákvörðun aðalfundar.

Gunnar Björnsson kemur í pontu. Hrósar hópnum sem stendur á bakvið blaðið. Leggur fram tillögu um að skáksambandið styrki útgáfu blaðs um 200.000 kr. á ári en aðrir gefi það út.

Eftir umræðu ákveður **Gunnar** að draga tillöguna til baka. **Jóhanna** stígur í pontu og leggur áherslu á að skáksambandið ákveði hvernig eigi að gefa út blaðið, t.d. hvort það sé vefúmarit eða í pappírformi.

Gauti Páll stígur í pontu og leggur áherslu á að hann geti haldið útgáfunni réttu megin við núllið.

Kristján Örn Elíasson kemur í pontu og leggur áherslu á að blaðið megi alveg vera rekið í tapi. Spyr hvort einhverjir geti ekki einfaldlega keypt blaðið af skáksambandinu.

Jan Olav Fivelstad bendir á að norska skáksambandið hafi gefið blaðið á pappírformi fyrir 65 ára og eldri.

Tillaga Braga samþykkt með yfirgnæfandi fjölda, 5 kusu á móti.

13 b) Kæra skáksambandsins á hendur Héðni Steingrímssyni

Kristján Örn Elíasson vill ræða kærana. Reifar kæruliðina og gagnrýnir að stjórn skáksambandsins hafi komið með tillögu að refsingu fyrir Héðin.

Héðinn er atvinnumaður er í skák. Skáksambandið þiggur styrki og er á fjárlögum. Ber að fara eftir stjórnsýslulögum sem Kristján telur skáksambandið ekki að vera að gera. Þá sé skáksambandið að brjóta á stjórnarskrárvörðum réttindum Héðins.

Héðinn hætti í móti vegna óásættanlegra aðstæðna.

Leggur til að draga kærana gegn Héðni til baka. **Helgi Árnason** skrifar undir tillöguna með Kristjáni.

Tillaga á aðalfundi Skáksambands Íslands 8. júní 2024

Aðalfundur Skáksambands Íslands felur stjórn sambandsins að draga kæru dags. 17. maí 2024, á hendur stórmeistararanum Héðni Steingrímssyni til baka.

Kristján Örn Elíasson Helgi Árnason

Jóhanna Björg

Vill að skáksambandið hætti meðvirkni með skákmönnum sem brjóta reglur. Skýr rammi og skýrar reglur eiga að gilda um alla. Héðinn Steingrímsson hefur fengið að brjóta þær reglur ítrekað.

Dómstóllinn á að dæma í þessu máli.

Kristján Örn Elíasson

Tekur undir með Jóhönnu að meðvirknin hafi verið vandamál. En er ósammála Jóhönnu og telur að Héðinn sé að verða fyrir einelti. Spyr hvaða ábyrgð stjórnin ber ef hún tapar málinu.

Jon Olav Fivelstad

Hefur þurft að vísa Héðni úr móti sem fór fyrir dómstóla. Vill að farið verði mildum höndum um Héðin.

Oddgeir

Finnst ekki við hæfi að ræða einstök mál á svona fundi.

Tillagan lögð fyrir fundinn:

Meirihluti fellir tillöguna.

13 c)

Hjálmar Sigurvaldason meðlimur í Skákfélagi Íslands. Hefur skilað skáksambandinu orðu sem hann fékk fyrir störf sín. Vill að siðanefnd skáksambandsins taki fyrir kvartanir hans.

Vill koma með fyrirspurn fyrir þingið hvort Siðanefnd Skáksambands Íslands gæti tekið fyrir þrjár kvartanir frá þeim tíma sem hann var ritari Vinaskáklíagsins:

1. Hvort Gunnar Freyr Rúnarsson hafi vísitandi eyðilagt Firma Kringlu Skákmótið fyrir tveimur árum með lélegum rógburði. Hann telur sig hafa sannanir þess eðlis undir höndum.
2. Hvort Gunnar Björnsson hafi haft óeðlileg afskipti af Vinaskáklíaginu í sambandi við sveit Vinaskáklíagsins í fyrstu deild.
3. Koma af stað lélegum orðrómi um að hann hafi verið að selja harðfisk fyrir Skáksambandið

Hann hafi verið rekinn úr stjórn Vinaskáklíagsins sem ritari án andmælaréttar.

13 d)

Hermann Aðalsteinsson formaður Goðans vill slá á léttu strengi í lokin. Segir frá því að Goðinn sé að skipuleggja afmælimót í Mývatnssveit í mars á næsta ári. Bendir á að hann sé byrjaður með skákþátt í Bændablaðinu og óskar eftir ábendingum um efni.

13 e)

Páll Sigurðsson

Spyr af hverju Skákskólinn sé að leggja til kennara hjá sumum félögum en ekki öðrum.

13 f)

Kristján Örn Elíasson þakkar Helga Ólafssyni fyrir störf sín fyrir skákskólann. **Helgi** stígur í pontu og þakkar fyrir sig, sérstaklega gagnrýni sem hann hefur alltaf viljað hlusta á. Leggur til að skáksambandið haldi alþjóðlegt unglingamót að sumarlagi. Vill styðja betur við þá sem eru “semi” atvinnumenn í skák.

13 g) Bragi Halldórsson

Vekur máls á Skákminjanefnd sem starfaði hér á árum áður. Vill spyrja hvernig skákminjum er haldið til haga hjá sambandinu. Minnir á að Trausti Björnsson veit manna mest um íslenska skáksögu og hvetur sambandið til þess að halda utan um skáksöguna.

13 h) Jóhanna þakkar Helga Ólafssyni fyrir framlag sitt og mun taka ábendingu Páls Sigurðssonar inn í stjórn skákskólans.

14. Gunnar Björnsson þakkar fyrir málefnalega umræðu á fundinum. Svarar Hjálmar og bendir honum á dómstól SÍ. Svarar Braga og bendir á að skákminjanefndir hafi gert lítið sem ekkert. Ekki stendur á skáksambandinu að styðja við þær nefndir ef einhverjir hafa áhuga. Stefnt á afmælishátíð á Blönduósi á næsta ári.

Skipan stjórnar og verkaskipting

Verkaskipting stjórnar

Forseti:	Gunnar Björnsson
Varaforseti:	Jóhanna B. Jóhannsdóttir
Gjaldkeri:	Harpa Ingólfssdóttir Gígja
Ritari:	Helgi Brynjarsson
Vararitari:	Harald Björnsson
Æskulýðsfulltrúi:	Daði Ómarsson
Meðstjórnandi:	Agnar Tómas Möller (hætti í stjórn á starfsárinu)
Meðstjórnandi:	Auðbergur Magnússon
Varamenn í stjórn:	Stefán Steingrímur Bergsson (færður upp í aðalstjórn) Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir Harald Björnsson Hermann Aðalsteinsson

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt alls 11 fundi á starfsárinu, að jafnaði einu sinni í mánuð. Að venju unnu stjórnarmenn að margs konar öðrum verkefnum vegna mótahalds og fleiri verkefna.

[Fundargerðir starfsársins má finna á heimasíðu SÍ](#)

Starfsmaður og skrifstofa

Gunnar Björnsson hefur verið eini starfsmaður SÍ síðan 1. febrúar 2019.

Skýrsla skólastjóra Skákskóla Íslands

Í stjórn Skákskólans sitja nú Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Þorsteinn Stefánsson, Auðbergur Magnússon, Tinna Kristín Finnbogadóttir, Daði Ómarsson og Hrund Hauksdóttir.

Opið hús

Síðastliðið sumar stóð Skákskóli Íslands fyrir opnu húsi í salarkynnum skólans.

Umsjónarmaður opna hússins var Helgi Ólafsson þáverandi skólastjóri. Birkir Ísak Jóhannsson var honum til halds og trausts. Einnig var kallað eftir þátttöku þekkra meistara sem tefldu fjöltefli og höfðu önnur hlutverk. Opna húsið stóð öllum yngri en 20 ára til boða og var vel sótt.

Nýr skólastjóri

Helgi Ólafsson lét af störfum sem skólastjóri Skákskóla Íslands á starfsárinu, eftir 28 ára farsælt starf. Björn Ívar Karlsson var ráðinn nýr skólastjóri og tók hann til starfa 1. september 2024.



Húsnæði Skákskólans

Skákskóli Íslands hefur aðsetur í sal Skáksambandsins, Faxafeni 12.

Á starfsárinu voru gerðar verulegar endurbætur á húsnæðinu. Salernisaðstaða var gerð upp og kennslusalurinn var teppalagður. Teppalagt gólf hefur bætt hljóðvistina í salnum.

Flokkar Skákskólans

Almennir flokkar Skákskólans, framhaldsflokkar 1 og 2 ásamt afreksflokk, stúlknaflokk og U25-hónum, hafa stundað vikulegar æfingar á starfsárinu. Þjálfarar Skákskólans hafa verið Björn Ívar Karlsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Veronika Steinunn Magnúsdóttir, Vignir Vatnar Stefánsson og Hilmir Freyr Heimisson.

Fjöldi iðkenda Skákskólans fór yfir 50 á árinu.

Tæknivæðing og fjarkennsla

Skákskóli Íslands eignaðist síðastliðið haust tíu fartölvur. Um er að ræða lærdómstölvur, svokallaðar Chromebook, með snertiskjá. Iðkendur við skólann nýta tölvurnar á æfingum við lausnir á viðfangsefnum, til undirbúnings fyrir skákir og yfirferðar á skákum að þeim loknum en einnig í aðra tæknitengda vinnu við skákæfingar. Tölvurnar opna einnig fyrir möguleikann á því að íslensk ungmenni taki þátt í skákviðburðum í gegnum netið.

Það var Tölvulistinn sem studdi rausnarlega við Skákskólann í þessu verkefni.



Skákskólinn tekur vel á móti iðkendum af landsbyggðinni í fjarkennslu. Nú þegar eru skráðir iðkendur við skólann frá Akureyri, Húsavík og Ísafirði. Iðkendur í fjarkennslu tengjast kennslustundum hjá almennum hópum Skákskólans í gegnum fjarfund. Kennslan er tekin upp og hafa iðkendur aðgang að upptökunum eftir að tíma lýkur. Þetta hefur einnig nýst staðnemum ef þeir hafa forfallast af æfingum.

Mikill áhugi er á landsbyggðinni fyrir áframhaldandi fjarkennslu og stuðningi frá Skákskólanum við efnileg ungmenni úti á landi.

Prepaskipt kennsluefni

Nýtt kennsluefni var innleitt á starfsárinu. Er það þrepaskipt og hafa iðkendur aðgang að kennsluáætlunum sem útlista viðfangsefni hvernar viku. Allt kennsluefni Skákskólans er aðgengilegt iðkendum á læstu svæði á vefnum. Björn Ívar Karlsson, skólastjóri Skákskólans, er höfundur kennsluefnisins.

Mikið er lagt upp úr heimaverkefnum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Iðkendur luku vorönn með námsmati þar sem tæknileg atriði, sem tekin voru fyrir á árinu, voru prófuð.

Stúlknaflokkur – uppbygging og félagsskapur

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir hefur staðið fyrir mjög vinsælum, og vel sóttum, stúlknaæfingum í Skákskólanum. Á starfsárinu fóru æfingarnar fram í húsnaði Skákskólans í Faxafeni. Jóhanna hafði sér til aðstoðar Veroniku Steinunni Magnúsdóttur. Þessar æfingar skapa öflugan félagslegan vettvang þar sem yngri stúlkur fá tækifæri til að æfa með eldri fyrirmyndum. Hópurinn hefur stækkað og er mikilvægt að styðja við starfsemina áfram.

U-25 hópurinn

Eins og undanfarin ár hefur U-25 hópurinn, að jafnaði, æft vikulega í Skákskólanum. Vignir Vatnar Stefánsson og Hilmir Freyr Heimisson hafa haft umsjón með hópnum á starfsárinu, ásamt aðkomu fleiri meistara. Hópurinn hefur meðal annars fengið erlenda þjálfara til þess að halda fyrirlestra. Samheldnin og félagsskapurinn í kringum þennan hóp hefur átt þátt í því að ungir skákmenn hafa verið mjög duglegir við skákiðkun. Kjarninn úr U-25 hópnum hefur jafnan skipað efstu borðin á skákmótum innanlands.

Einkatímar

Þau ungmenni sem hafa verið valin sem fulltrúar Íslands á skákmótum á erlendum vettvangi hafa fengið aðstoð við undirbúning fyrir mót í einkatímum í Skákskólanum á starfsárinu, þeim að kostnaðarlausu. Einkatímar hafa ekki verið í boði fyrir aðra á starfsárinu.

Meistaramót Skákskólans – Ungmennameistaramót Íslands U-22

Meistaramót Skákskólans og Ungmennameistaramót Íslands U-22 fór fram dagana 12.-15. desember. Þátttökurétt höfðu keppendur á aldrinum 17-22 ára en mótið var einnig opið yngri keppendum yfir 1700 stigum. Tefldar voru sex umferðir með tímamörkunum 90+30. Allar skákir mótsins voru sendar út í beinni útsendingu og voru þáttakendur 18 talsins. Sigurvegari, og ungmennameistari U-22 ára, varð **Vignir Vatnar Stefánsson** sem fékk fullt hús vinninga. Meistari Skákskóla Íslands, U-20 ára, varð **Benedikt Briem** með fimm vinninga.



Vormót Skákskóla Íslands

Dagana 24.-25. maí fór Vormót Skákskóla Íslands fram. Mótið er nýtt af nálinni og markaði það lok vorannar Skákskólans. Þátttökurétt höfðu þeir nemendur Skákskólans, fæddir 2005 eða síðar, sem höfðu tekið þátt í námskeiðum og annarri starfsemi skólans á starfsárinu. Tefldar voru níu umferðir með tímamörkunum 15+5. Þátttakendur voru 25 talsins. Sigurvegari varð **Mikael Bjarki Heiðarsson** með átta vinninga. Efst í flokki þeirra sem höfðu minna en 1800 skákstig varð **Iðunn Helgadóttir**. Verðlaun fyrir besta árangur stúlkna fékk **Guðrún Fanney Briem**.



Heimsóknir og önnur verkefni

Skólastjóri sinnti ýmsum öðrum verkefnum á starfsárinu. Í febrúar fór skólastjóri, ásamt forseta SÍ, í heimsókn á Blönduós. Heimsóknin var liður í undirbúningi fyrir 100 ára afmæli Skáksambandsins og opna Íslandsmótsins í júní 2025. Húnaskóli fékk að gjöf skáksett og skáklukkur frá Skáksambandinu og tefldi skólastjóri Skákskólans fjöltefli við nemendur skólans.



Skólastjóri heimsótti einnig grunnskóla á Vestfjörðum í tilefni af Landsmóti í Skólaskák, sem fram fór í maí síðastliðnum. Grunnskólarnir fengu skáksett að gjöf og fræðslu um skák í skólum. Vonir standa til að Skáksskólinn geti stutt grunnskólana á landsbyggðinni í þeirra skákstarfi. Skólastjóri heimsótti einnig fleiri grunnskóla á árinu, tefldi fjöltefli og var í sambandi við og aðstoðaði fjölda skákkennara við skákkennslu, útvegaði kennslufni og gaf ráð varðandi skákstarf í skólum.

Skólastjóri og forseti SÍ heimsóttu einnig tvö fangelsi á starfsárinu og stýrðu skáksveitum fanga í alþjóðlegum netkeppnum.

Í júní stóð Skáksskóli Íslands fyrir opnum kynningardegi. Ungmenni, foreldrar og aðrir áhugasamir kynntu sér starfsemi skólans, nýtt kennslufni og tækninýjungar við skákþjálfun.



Vignir Vatnar Stefánsson tefldi fjöltefli við ungmenni. Rúmlega 100 gestir heimsóttu Skáksskólann á kynningardeginum.

Í júní fór fram Suðurlandsnámskeið Skáksskólans á Borg í Grímsnesi. Það var **Gauti Páll Jónsson** sem sá um kennsluna. Í lok námskeiðisins fór fram Suðurlandsmót Skáksskólans.

Vignir Vatnar Stefánsson sigraði á mótinu, með fullu húsi. Þátttakendur voru 20.

Síðar í sumar fer fram annað námskeið á vegum Skáksskólans á Laugarvatni.

Einnig er stefnt að fleiri fjölteflum í sumar á vegum Skáksskólans.

Landsliðsverkefni og ungmennamót erlendis

Skólastjóri kom að þjálfun fulltrúa Íslands á ungmennamótum, bæði innanlands og erlendis, á starfsárinu.

Síðastliðið haust fóru 23 íslensk ungmenni á Evrópumót ungmenna í Prag og fylgdi skólastjóri þeim sem þjálfari ásamt Ingvari Þór Jóhannessyni, Daði Ómarssyni og Gauti Páli Jónssyni.

Birkir Hallmundarson og Dagur Sverrisson tóku þátt á Heimsmeistaramóti barna á Ítalíu í nóvember. Þeir fengu aðstoð við undirbúning og yfirferð skáka í gegnum fjarfund og voru það Helgi Ólafsson og Björn Ívar sem sáu um þjálfunina.



Skólastjóri fór sem þjálfari fulltrúa Íslands á Norðurlandamót ungmenna í Borgarnesi í febrúar, ásamt Vigni Vatnari Stefánssyni.

Skólastjóri fór einnig sem þjálfari níu íslenskra stúlkna á Norðurlandamót stúlkna í skák í Danmörku í apríl. Þar urðu Guðrún Fanney Briem og Iðunn Helgadóttir Norðurlandameistarar stúlkna.

Ýmis starfsemi

Heimasíða SÍ

Á vegum SÍ eru tvær heimasíður: Skák.is, sem er fréttasíða, og heimasíða Skáksambands Íslands, þar sem helstu grundvallarupplýsingar um sambandið eru geymdar. Gunnar Björnsson og Ingvar Þór Jóhannesson eru ritstjórar. Gunnar sér meira um upplýsingar til skákmanna en Ingvar fjallar meira um fréttir af skákmótum.

Félagagrunnur SÍ

SÍ hefur endurbætt félagagrunn sinn sem hefur tekið við keppendaskránni. Í félagagrunninum eru allar nýjustu upplýsingar um skákmenn og t.d. eru þar skákstig endurnýjuð mánaðarlega. Félögin geta tekið út sína félagsmenn og raðað þeim í stigaráð. Hermann Aðalsteinsson hefur tekið að sér umsýslu með félagaskiptum.

Fréttabréf SÍ

SÍ hefur síðan árið 2012 gefið út rafrænt fréttabréf, sem er sent út í tölvupósti til skákáhugamanna og birt á vefsíðu sambandsins. Fréttabréfið hefur komið óreglulega út undanfarið en hefur verið notað til þess að minna á stærstu viðburði.

Landsliðsverkefni

Landslið Íslands í opnum flokki og kvennalandsliðið undirbjuggu sig á starfsárinu fyrir Ólympíuskákmótið sem fram fór 11.-22. September 2024 í Búdapest, Ungverjalandi.

Helgi Ólafsson tók að sér liðsstjórn liðsins í opnum flokki en **Ingvar Þór Jóhannesson** var liðsstjóri kvennaliðsins. Nánar er fjallað um mótið síðar í skýrslunni.

Æfingahópur U25 er skipaður efnilegustu skákmönnum þjóðarinnar á aldrinum 16–25 ára. Skákaskóli Íslands hefur haldið utan um hópinn á starfsárinu og er nánar fjallað um starfsemina í skýrslu skólustjóra Skákaskóla Íslands.

Alþjóðlegir áfangar

Enginn alþjóðlegur áfangi náðist á starfárinu.

Skákdagurinn

Friðrik Ólafsson fagnaði að þessu sinni 90 ára afmæli sínum á Skákdeginum og var veisla haldin í Hörpu honum til heiðurs. Friðrik Ólafsson lést svo 4. apríl 2025. Blessuð sé minning þess mikla meistara.

Skákdagurinn mun hins vegar lifa honum til heiðurs.

Kvennaskáknefnd Skáksambands Íslands

Íslandsmót kvenna árið 2024 var skipulagt í samstarfi við Skáksamband Íslands og var einnig ákveðið að mótið 2025 yrði haldið sem hluti af Skákþingi Íslands sem yrði opinn flokkur. Nefndin fékk að gjöf 400.000 kr. frá afkomendum **Stefáns Briems** heitins, til uppbyggingar á stúlkna- og kvennaskák. Ákveðið var að haldin yrði mótaröð með það markmið að tengja stúlkur frá mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu, og síðar úti á landi, saman.

Fyrsta mótið fór fram í samstarfi við skákdeild Fjölnis þann 9. nóvember 2024. Alls tóku 22 stúlkur þátt og var það **Emilía Embla B. Berglindardóttir** sem stóð upp sem sigurvegari með 6,5 vinning af 7 mögulegum. Önnur kom Halldóra Jónsdóttir með 6 vinninga og í þriðja var Sigrún Tara Sigurðardóttir með 5 vinninga. Einnig voru veitt verðlaun í flokki 1. til 4. bekkjar og vann þar **Marey Kjartansdóttir**. Öll verðlaun voru gefins en pantaðar voru pizzur í hléinu. Skákstjórar voru Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir, með aðstoð Daða Ómarsonar.

Annað mótið var haldið í samstarfi við skákdeild KR og fór fram þann 19. janúar 2025 í húsnæði þeirra við Aflagrandu. Teflt var í tveimur flokkum, 1. til 4. bekkur og 5. til 10. bekkur, þar sem heildarfjöldi stúlkna var 32. Í eldri flokk var það **Emilía Embla B.**

Berglindardóttir sem stóð upp sem sigurvegari með 7 af 7 vinningum. Önnur kom Sigrún Tara Sigurðardóttir með 5 vinninga og í þriðja var Halldóra Jónsdóttir með 4,5 vinninga. Í yngri flokk vann **Miroslava Skibina** með 7 vinninga, önnur kom Þóra Kristín Jónsdóttir með 6 vinninga og í þriðja var Emilía Klara Tómasdóttir með 5 vinninga. Allir keppendur fengu pizzu í hléinu. Skákstjórar voru Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Björn Ívar Karlsson.



Þriðja mótið var haldið í samstarfi við Skáksamband Íslands í Hörpu sem aukaviðburður við Reykjavíkurmótið. Mótið var haldið laugardaginn 12. apríl og var teft í þremur flokkum, 1. til 4. bekkur, 5. til 10. bekkur og svo heiðursflokki. Hin sænska **Anna Cramling** kom og heilsaði upp á þátttakendur og tók þátt í heiðursflokki. Í 1. til 4. bekk stóð **Miroslava Skibina** með 6,5 vinninga uppi sem sigurvegari, önnur kom Emilía Klara Tómasdóttir með 5 vinninga og í þriðja var Þóra Kristín Jónsdóttir einnig með 5 vinninga. Í flokki 5. til 10. bekk vann **Emilía Embla B. Berglindardóttir** með 7 vinninga, í öðru sæti var Katrín Ósk Tómasdóttir með 5,5 vinning og í því þriðja var Sigrún Tara Sigurðardóttir með 4,5 vinning. Allir keppendur fengu lítið páskaegg í lokin. Heiðursflokkur var lokaður boðsflokkur með fjórum þátttakendum og var teft tvöföld umferð. Sigurvegarinn var Anna Cramling með 5,5, í öðru sæti var Guðrún Fanney Briem með 3,5 vinning og í því þriðja Iðunn Helgadóttir með 3 vinninga. Skákstjórar voru Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Daði Ómarsson og Björn Ívar Karlsson.

Fjórða og síðasta mótið verður haldið sunnudaginn 15. júní á Blöndósi í samstarfi við Skáksamband Íslands sem aukaviðburður við Skákþing Íslands.

Kvennaskáknefndin í samstarfi við Skákfélag Akureyrar hélt stúlknanámskeið og aðstoðaði við stúlknifeistaramót Akureyrar helgina 17. og 18. maí. Alls tóku 10 stúlkur þátt á námskeiðinu og voru 7 stúlkur með á stúlknamótinu. Kennari var Jóhanna Björg Jóhannsdóttir formaður nefndarinnar.

Tímaritið Skák

Tímaritið Skák kemur út tvisvar á ári, á haustin og á vorin í kringum Íslandsmót skáklfélaga. Vel hefur gengið að fá fólk á öllum aldri til að skrifa greinar í blaðið. Fastir liðir hafa tekið á sig mynd og ákveðnir stórviðburðir í íslensku skáklífi fá alltaf umfjöllun. Undanfarið hefur ákveðið þema verið líka tekið fyrir í hverju blaði, til dæmis voru fáeinar greinar í síðasta blaði um Friðrik Ólafsson. Menningar- og heimildagildi útgáfunnar er ótvírætt.



Áskrifendur eru rúmlega 200. Áskrift er besta leiðin til að styðja við útgáfuna. Blaðið kostar 3500 kr. Póstburðargjald er 1000 kr. en flestir sem geta sækja sjáfir sín eintök á Íslandsmót skáklfélaga eða í Faxafen 12. Blaðið er aðgengilegt bæði hjá Skáksambandinu og TR. Í rauða borðanum efst á skak.is er hægt að smella á tímaritið Skák og gerast áskrifandi.

Skáksambandið er útgefandi og **Gauti Páll Jónsson** er ritstjóri. **Bragi Halldórsson** og **Jón Torfason** lesa próförk. **Steingrímur Steinþórsson** sér um umbrot. Blaðið hefur frá endurútgáfu verið prentað hjá Litlaprent. Ritstjóri skipar með sér 3ja manna ritnefnd. Starfsárið 2024-2025 voru í ritnefnd **Björn Ívar Karlsson**, **Björn Þorfinnsson** og **Stefán Steingrímur Bergsson**.

Gauti Páll Jónsson ritstjóri






















Innlend mót

Skákþing Íslands 2024 – áskorendaflokkur



Bárður Örn Birkisson tryggði sér sigur í Áskorendaflokki Íslandsmótsins sem fram fór 1.-9. júní 2024. Bárður vann sigur í lokaumferðinni eins og hans helstu keppinautar en grípa þurfti til oddastiga til að útkljá hvort **Björn Hólm Birkisson** eða **Gauti Páll Jónsson** myndi ná að landa hinu mikilvæga 2. sæti sem einnig gefur sæti í næsta landsliðsflokk.

Lokastaðan:

Rk.	SNo		Name	FED	Rtg	Pts.	TB1	TB2	TB3	TB4	TB5	K	rtg+/-
1	1		CM Bardur Orn Birkisson	ISL	2229	7,5	9	46	49,5	41,3	0	20	15,2
2	2		Bjorn Holm Birkisson	ISL	2140	7	9	47,5	52	38,5	0	20	25,2
3	5		Gauti Pall Jonsson	ISL	2069	7	9	45	48	33,5	0	20	33,2
4	4		Arnar Milutin Heidarsson	ISL	2085	6	9	46,5	50,5	31,3	0	20	13,6
5	3		WGM Lenka Ptacnikova	ISL	2114	6	9	45,5	49,5	30,3	0	20	-0,4
6	9		Gudni Petursson	ISL	2004	5,5	9	40	42,5	24,8	0	20	-3,6
7	18		Markus Orri Oskarsson	ISL	1906	5,5	9	37,5	40	21,8	0	40	8,8
8	8		Benedikt Thorisson	ISL	2013	5,5	8	46	51,5	28,3	0	40	43,6
9	6		Ingvar Wu Skarphedinsson	ISL	2061	5	9	46	48	22	0	40	-31,6
10	17		Mikael Bjarki Heidarsson	ISL	1908	5	9	41,5	45	22,3	0	40	40
11	23		Roberto Eduardo Osorio Ferrer	VEN	1780	5	9	38	41,5	19,5	0	20	55,4
12	29		Ottar Orn Bergmann Sigfusson	ISL	1686	5	9	35,5	37,5	18,8	0	40	91,6
13	21		Idunn Helgadóttir	ISL	1848	5	7	41	46	22,8	0	40	68,4
14	12		WFM Hallgerdur Thorsteinsdóttir	ISL	1947	5	7	37,5	42,5	22,8	0	20	-11,8
15	14		Kristjan Orn Eliasson	ISL	1924	4,5	9	41	44,5	19,3	0	20	-5,2
16	19		Josef Omarsson	ISL	1875	4,5	9	35	38	17,3	0	40	-21,2
17	20		Sigurbjorn Hermannsson	ISL	1864	4,5	8	41	44,5	19	0	40	8
18	15		Haraldur Baldursson	ISL	1911	4,5	8	35	39,5	16,8	0	20	-11,8
19	13		Gisli Magnusson	ISL	1931	4,5	8	32,5	37	15,3	0	40	-36,8
20	26		Sigurdur Pall Gudnyjarson	ISL	1759	4,5	8	31,5	36	15,8	0	40	45,6
21	7		Gunnar Erik Gudmundsson	ISL	2046	4,5	7	35	39,5	17,8	0	40	-62,8

Þrjú efstu voru í nokkrum sérflokkum og allir með fínan árangur og góðan stigagróða.

Landsliðsflokkssætin fóru til tvíburanna **Bárðar** og **Björns** að þessu sinni. Líklega í fyrsta skipti sem bræður næla sér saman í sæti í gegn áskorendaflokk og eins fyrsta skipti sem tvíburar tefla í landsliðsflokki. **Jóhanna Björg** varaforseti sá um að afhenda verðlaunin til þriggja efstu. Það verður að teljast óvenjulegt að 7 vinningar dugi ekki í annað sæti.

Skákstjórn var í höndum **Róberts Lagerman** og **Ingvar Þór Jóhannesson** og **Daði Ómarsson** skiptu með sér að sjá um að efstu borð skiluðu sér í beinum útsendingum.

Náanar á Skák.is.

Íslandsmót skákfélaga 2024-25

Íslandsmóti Skákfélaga fór fram 3.-6. október 2024 og 27. febrúar - 2. mars 2025 í Rimaskóla og voru Íslandsmeistarar krýndir í öllum deildum. **Fjölismenn** kláruðu Úrvalsdeildina aftur með glæsibraga og unnu allar tíu viðureignir sínar og hlutu 20 stig, fullt hús stiga!

Víkingaklúbburinn, TR-c, Dímon og Skákfélag Íslands urðu hlutskörpust í öðrum deildum.

Úrvalsdeild



Skákdeild Fjölnis kláraði með stæl og unnu með fullu húsi annað árið í röð! Eina spennan var baráttan um 2. sætið og þar náðu KR-ingar sér í silfrið eftir viðureign gegn Blikum. TR lagði TG að velli en það dugði aðeins til að ná bronsinu. TG var þá þegar fallið. TV líklegast sáttir að tryggja úrvalsdeildarsæti á afmælisári!

Ranking crosstable (Pts.)

Rk.	Team	1a	1b	2a	2b	3a	3b	4a	4b	5a	5b	6a	6b	TB1	TB2	TB3
1	Skákdeild Fjölris	*	*	4½	4½	5	6½	6½	4½	6	5½	7	5½	20	55,5	0
2	Skákdeild KR	3½	3½	*	*	4	5	4	4	6	3½	5½	5	11	44	0
3	Taffélag Reykjavíkur	3	1½	4	3	*	*	4½	2	6½	4½	7½	5	11	41,5	0
4	Skákdeild Breiðabliks	1½	3½	4	4	3½	6	*	*	5	4½	4½	1½	10	38	0
5	Talfélag Vestmannaeyja	2	2½	2	4½	1½	3½	3	3½	*	*	6	5	6	33,5	0
6	Taffélag Garðabæjar	1	2½	2½	3	½	3	3½	6½	2	3	*	*	2	27,5	0

Úrvalsdeild á chess-results

1. deild

Víkingaklúbburinn innsiglaði sigurinn með því að leggja TR-b í lokaumferðinni.

Akureyringar í öðru sæti sem dugir skammt. Skákengið og TG-b falla um deild.

Ranking crosstable (Pts.)

Rk.	Team	1	2	3	4	5	6	7	8	TB1	TB2	TB3
1	Víkingaklúbburinn a-sveit	*	4	5	5½	4½	6	5½	5½	14	36	0
2	Skákfélag Akureyrar a-sveit	2	*	3½	5	4½	5½	5½	6	12	32	0
3	Taffélag Reykjavíkur b-sveit	1	2½	*	3½	5½	4½	3½	4	10	24,5	0
4	Skákdeild Breiðabliks b-sveit	½	1	2½	*	3½	3½	5	5	8	21	0
5	Skákfélag Akureyrar b-sveit	1½	1½	½	2½	*	3	4	4	5	17	0
6	Skákdeild KR b-sveit	0	½	1½	2½	3	*	3½	4	5	15	0
7	Skákengið	½	½	2½	1	2	2½	*	4	2	13	0
8	Taffélag Garðabæjar b-sveit	½	0	2	1	2	2	2	*	0	9,5	0



[1. deild á chess-results](#)

2. deild

Taffélag Reykjavíkur c-sveit náði í gullið í 2. deildinni með jafnri og þéttri frammistöðu.

Litlu munaði þó í lokin en jafntefli hjá landsliðskonunum Guðrínu Fanney og Iðunni

Helgadóttur var munurinn á sigri TR-c og Fjölnis-b!

Víkingar-b og Vinaskákfélagið féllu um deild.

Ranking crosstable (Pts.)

Rk.	Team	1	2	3	4	5	6	7	8	TB1	TB2	TB3
1	Taffélag Reykjavíkur c-sveit	*	3	3½	4	4	5	3½	4	13	27	0
2	Skákdeild Fjölnis b-sveit	3	*	4	3	3½	5	5	5	12	28,5	0
3	Skákdeild Breiðabliks c-sveit	2½	2	*	3½	5	3	3	5	8	24	0
4	Hrókar alls fagnaðar a-sveit	2	3	2½	*	3½	3½	3	3½	8	21	0
5	Skáksamband Austurlands (SAUST) a-sveit	2	2½	1	2½	*	3½	3½	5	6	20	0
6	SSON a-sveit	1	1	3	2½	2½	*	4½	4½	5	19	0
7	Víkingaklúbburinn b-sveit	2½	1	3	3	2½	1½	*	6	4	19,5	0
8	Vinaskákfélagið a-sveit	2	1	1	2½	1	1½	0	*	0	9	0



[2. deild á chess-results](#)

3. deild

Dímon a-sveit fara upp annað árið í röð og KR-c náðu að fylgja þeim. Goðinn a-sveit enn og aftur nærri sæti í 2. deild en vantaði herslumuninn. TG-c og TV-b dattu niður.

Ranking crosstable (Pts.)												
Rk.	Team	1	2	3	4	5	6	7	8	TB1	TB2	TB3
1	Dímon a-sveit	*	5	4	5	3½	1½	5½	3½	12	28	0
2	KR c-sveit	1	*	3	3½	4	3½	5½	5	11	25,5	0
3	Goðinn a-sveit	2	3	*	4	4	5	3	4	10	25	0
4	Skákfélag Sauðárkróks a-sveit	1	2½	2	*	4	5	4	2½	6	21	0
5	Skákfélag Akureyrar c-sveit	2½	2	2	2	*	4½	3½	4	6	20,5	0
6	Taflfélag Reykjavíkur d-sveit	4½	2½	1	1	1½	*	5	3½	6	19	0
7	Taflfélag Garðabæjar c-sveit	½	½	3	2	2½	1	*	3½	3	13	0
8	Taflfélag Vestmannaeyja b-sveit	2½	1	2	3½	2	2½	2½	*	2	16	0



[3. deild á chess-results](#)

4. deild

Lokaumferðin var mögnuð í 4. deildinni. Efstu sveitirnar, **Skákfélag Íslands** og **Snóker og Poolstofan** mættust í lokaumferðinni. Hefði Skákfélag Íslands unnið hefðu Snæfellsbæjar menn siglt upp í 2. sætið. Eiríkur Garðar Einarsson reyndist hetja Snóker og Pool en hann hélt hróksendatafli þeði undir og naut góðs af góðum grunni úr grunnendatöflum úr æsku!

Final Ranking after 7 Rounds

Rk.	SNo	Team	Games	+	=	-	TB1	TB2	TB3
1	17	Skákfélag Íslands a-sveit	7	6	1	0	13	33,5	0
2	20	Snóker og Poolstofan a-sveit	7	5	1	1	11	32	0
3	26	Taflfélag Snæfellsbæjar a-sveit	7	5	0	2	10	28,5	0
4	9	KR d-sveit	7	4	2	1	10	27	0
5	14	Skákdeild Fjölnis c-sveit	7	4	2	1	10	22	0
6	5	Goðinn b-sveit	7	4	1	2	9	26	0
7	13	KR öldungar	7	4	1	2	9	24	0
8	18	Skákfélag Íslands b-sveit	7	4	1	2	9	23,5	0
9	24	Taflfélag Reykjavíkur e-sveit	7	3	2	2	8	26,5	0
10	4	Dímon b-sveit	7	4	0	3	8	24,5	0



[4. deild á chess-results](#)

Íslandsmót barna- og unglingsveita 2024



Íslandsmót barna- og unglingsveita fór fram 3. nóvember 2024 í Miðgarði í félagsaðstöðu Taflfélags Gardabæjar. Teflt var í þremur flokkum, A-flokki ætluðum 8. bekk og upp úr, B-flokki ætluðum 4-7. bekk og C-flokki 1-3. bekk.

A-flokkur

Í efsta flokki urðu **Breiðablik-A** hlutskarpastir en þeir höfðu betur gegn B-sveit Breiðabliks og A-sveit Taflfélags Reykjavíkur og mjótt var á mununum! Breiðablik-A gerði jafntefli í innbyrðisviðureign við Breiðablik-B og höfðu TR-A á „reimunum“ 2,5-1,5. Lokaniðurstaðan að Breiðablik-A hafði 26 vinninga, B-sveitin 25 og TR-A rétt á eftir með 24 vinninga

Rk.	Team	1	2	3	4	5	6	7	8	9	TB1	TB2	TB3
1	Breiðablik A	*	2	2½	4	3½	3½	2½	4	4	26	17	0
2	Breiðablik B	2	*	1½	2½	4	3	4	4	4	25	15	0
3	Taflfélag Reykjavíkur A	1½	2½	*	3	2	3	4	4	4	24	15	0
4	Skákdeild Fjölris	0	1½	1	*	4	3	2	1½	4	17	9	0
5	Skákfélag Akureyrar	½	0	2	0	*	2	4	2½	4	15	10	0
6	Taflfélag Reykjavíkur B	½	1	1	1	2	*	1½	3	4	14	7	0
7	Haukar A	1½	0	0	2	0	2½	*	2½	2	10,5	8	0
8	Breiðablik C	0	0	0	2½	1½	1	1½	*	4	10,5	6	0
9	Taflfélag Garðabæjar	0	0	0	0	0	0	2	0	*	2	3	0



[A-flokkur á Chess-Results](#)

B-flokkur

Baráttan á miðstiginu var einnig grjóthörð! **Skákdeild Fjölnis-A** endaði á því að hafa TR-A undir með hálfum vinningi! KR kom ekki langt á eftir í grótharðri toppbaráttu.



Rk.	Team	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	TB1	TB2	TB3
1	Skákdeild Fjölnis A	*	2	½	2½	2	4	3	4	4	4	26	14	0
2	Taflfélag Reykjavíkur A	2	*	2½	2	2½	4	3½	4	3	2	25,5	15	0
3	KR A	3½	1½	*	3	3	2½	3	3½	2½	2	24,5	15	0
4	Skákdeild Fjölnis B	1½	2	1	*	2½	3	3½	2½	2	3	21	12	0
5	Breiðablik	2	1½	1	1½	*	2	2	3	4	3	20	9	0
6	Taflfélag Reykjavíkur B	0	0	1½	1	2	*	2	3½	2	2	14	6	0
7	Skákdeild Fjölnis C	1	½	1	½	2	2	*	1	2	3	13	5	0
8	Haukar	0	0	½	1½	1	½	3	*	3	3	12,5	6	0
9	Skákdeild Fjölnis D	0	1	1½	2	0	2	2	1	*	3	12,5	5	0
10	KR B	0	2	2	1	1	2	1	1	1	*	11	3	0

[B-flokkur á Chess-Results](#)

C-flokkur

Í c-flokki varð **Taflfélag Reykjavíkur-A** efst með 16 vinninga eftir 5 umferðir. Skákdeild Fjölnis A og KR A háðu harða baráttu um verðlaunasætin og fór svo að Fjölnir tók silfrið og KR bronsið.



Rk.	SNo	Team	Team	Games	+	=	-	TB1	TB2	TB3
1	4	Taflfélag Reykjavíkur A	TR A	5	4	1	0	16	9	0
2	2	Skákdeild Fjölnis A	Fjölnir A	5	3	1	1	14	7	0
3	8	KR A	KR A	5	3	2	0	13,5	8	0
4	9	KR B	KR B	4	2	0	2	10	6	0
5	7	Skákfélag Laufásborgar	Laufásborg	4	1	1	2	9	5	0
6	1	Taflfélag Garðabæjar	TG	5	2	0	3	8,5	4	0
7	3	Skákdeild Fjölnis B	Fjölnir B	4	1	1	2	7,5	5	0
8	5	Taflfélag Reykjavíkur B	TR B	4	1	0	3	7	4	0
9	6	Breiðablik	Breiðablik	4	0	0	4	4,5	2	0

[C-flokkur á Chess-Results](#)

Taflfélag Garðabæjar fórst mótahaldið vel og fóru keppendur, liðsstjórar og aðstandendur sáttir heim á leið.

Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák 2024

Friðriksmót Landsbankans - Íslandsmótið í hraðskák fór fram 1. desember í glæsilegum nýlegum höfuðstöðvum bankans í Reykjastræti. Tefldar voru 13 umferðir með tímamörkunum 3+2.



Helgi Áss Grétarsson varð Íslandsmeistari í hraðskák. Hann fékk 11,5 vinning í umferðunum þrettán og tapaði ekki skák. **Hilmir Freyr Heimisson** varð í öðru sæti en **Stephan Briem**, **Davíð Kolka** og **Birkir Ísak Jóhannsson** fengu 3.-5. verðlaun. **Lenka Ptácníková** hlaut kvennaverðlaun mótsins, **Örvar Hólm Brynjarsson** verðlaun fyrir þá sem voru undir 2000 skákstigum en **Stefán Bergsson** verðlaun fyrir þá sem höfðu yfir 2000 skákstigum.

[Frétt á skák.is](https://www.skak.is)

[Lokastaðan á chess-results](#)

Íslandsmótið í atskák 2024

Íslandsmótið í atskák fór fram 7. desember í Bankanum vinnustofu á Selfossi. Tefldar voru níu umferðir með tímamörkunum 10+3. Það voru félagarnir í *Chess after dark* sem sáu um mótshaldið sem var í boði Mar Seafood restaurant. Þátttakendur voru 29 talsins.



Dagur Ragnarsson varð Íslandsmeistari með sjö vinninga. **Bárður Örn Birkisson** varð í 2. sæti og **Margeir Pétursson** í 3. sæti. **Lenka Ptácníková** hlaut kvennaverðlaun.

Ingvar Þór Jóhannesson og **Björn Ívar Karlsson** voru með skákskýringar á mótinu og voru þær sendar út í beinni útsendingu á netinu.

[Frétt á skák.is](https://www.skak.is)

[Lokastaðan á chess-results](#)

Ungmennameistaramót Íslands 2024 (U-22)

Ungmennameistaramót Íslands U-22 var haldið samtímis Meistaramóti Skákskóla Íslands dagana 12.-15. desember, í húsnæði Skákskólans Faxafeni 12. Mótið var opið ungmennum á aldrinum 17-22 ára en einnig opið yngri keppendum yfir 1700 stigum. Tefldar voru sex umferðir með tímamörkunum 90+30. Fjöldi þátttakenda var 18.



Vignir Vatnar Stefánsson sigraði með yfirburðum og fékk fullt hús vinninga. **Benedikt Briem** varð annar með fimm vinninga en **Benedikt Þórisson** í þriðja sæti með fjóra vinninga. **Markús Orri Óskarsson**, **Gunnar Erik Guðmundsson**, **Örvar Hólm Brynjarsson** og **Birkir Hallmundarson** fengu aukaverðlaun í mótinu.

Björn Ívar Karlsson var skákstjóri og aðalskipuleggjandi mótsins og voru allir skákirnar í beinni útsendingu.

[Lokastaðan á chess-results](#)

[Nánar á skák.is](#)

Íslandsmót kvenna í hraðskák 2024



Mótið fór fram í húsnæði Skáksambands Íslands, Faxafeni 12. Tefldar voru sjö umferðir með umhugsunartímanum 3+2.

Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í hraðskák með 6 vinninga.

Lenka Ptácníková varð önnur með 5,5 vinning og **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** í þriðja sæti með 5 vinninga. Góð mæting var á mótið og keppnin jöfn og spennandi.

Góður og breiður keppendafjöldi á ýmsum getustigum er mikilvægur fyrir kvenskákina og vonandi verður hægt að gefa í í framtíðinni og hafa enn fjölmennara mót!

Final Ranking after 7 Rounds

Rk.	SNo		Name	FED	Rtg	Pts.	TB1	TB2	TB3	n	w	we	w-we	K	rtg+/-
1	2	WFM	Hallgerdur Thorsteinsdottir	ISL	2002	6	26,5	30	25,50	7	6	4,33	1,67	20	33,4
2	4	WGM	Lenka Ptacnikova	ISL	1931	5,5	25	26,5	20,75	6	4,5	3,50	1,00	20	20
3	3	WCM	Johanna Bjorg Johannsdottir	ISL	1949	5	27,5	29	19,50	7	5	4,14	0,86	20	17,2
4	1	WIM	Olga Prudnykova	ISL	2143	4,5	26	27,5	15,75	7	4,5	5,86	-1,36	20	-27,2
5	6		Tinna Kristin Finnbogadottir	ISL	1888	4,5	23	24,5	12,75	5	2,5	2,49	0,01	20	0,2
6	8	WCM	Idunn Helgadóttir	ISL	1749	4	24	25,5	12,00	5	2	1,74	0,26	40	10,4
7	5	WIM	Lilja Gretarsdottir	ISL	1923	4	22	23,5	11,50	5	2	3,46	-1,46	20	-29,2
8	7		Gudrun Fanney Briem	ISL	1787	3,5	25	26,5	11,25	6	2,5	2,32	0,18	40	7,2
9	11		Soley Kria Helgadóttir	ISL	1524	3	21,5	23	8,50	5	1	0,96	0,04	40	1,6
10	10		Emilia Embla B. Berglindardottir	ISL	1525	3	18	19,5	7,50	5	1	1,22	-0,22	40	-8,8
11	13		Katrin Osk Tomasdottir	ISL	0	2	20,5	22	5,50	5	0				
12	9		Hildur Berglind Johannsdottir	ISL	1609	2	20	21,5	5,50	4	0	0,98	-0,98	20	-19,6
13	12		Margret Kristin Einarsdottir	ISL	0	2	18	19,5	5,50	5	1				

[Lokastaðan á Chess-results](#)

[Frétt á skák.is](#)

Íslandsmót ungmenna (u8-u16) 2024



Tíu Íslandsmeistarar voru krýndir á Heimkaupsmótinu – Íslandsmóti ungmenna sem fram fór 2. nóvember 2024 í Miðgarði í Garðabæ. Afar góð þátttaka var á mótinu – alls 116 keppendur, sem er væntanlega metþátttaka, og þar af stúlkur 33 talsins! Aldrei hefur hlutfall stúlkna verið hærra á þessu móti eða 28%.

Þess má geta að um tugur keppenda kom frá Akureyri og þrír þeirra kræktu í verðlaun. Fjórir krakkar komu úr Snæfellsbæ og einn úr Þingeyjarsveit.

Mótið hófst þannig að **Gréta María Grétarsdóttir**, forstjóri Heimkaupa lék fyrsta leikinn u12-flokknum. Heimkaup bauð keppendum upp á epli og banana á meðan móti stóð og féll það í góðan jarðveg. Allir Íslandsmeistararnir fengu spil í verðlaun frá Heimkaupum. Allir verðlaunahafarnir fengu þrjá frímánuði frá Chess.com Að lokum voru allir keppendur leystir út með hinum þjóðlega Prins Pólói.

U8-flokkur (2016 og síðar)



31 keppandi tók þátt og þar af voru 9 stúlkur.

Dagur Sverrisson vann með fullu húsi og varð þar með Íslandsmeistari í opnum flokki. **Miroslava Skibina** varð önnur með 6 vinninga og hlaut gullverðlaun í stúlknafllokki.

Verðlaunahafar urðu annars sem hér segir

Strákar

1. Dagur Sverrisson 7 v.
2. Hafþór Haarde Vignisson 5 v.
3. Eidur Jökulsson 5 v.

Stúlkur

1. Miraslava Skibina 6 v.
2. Aría Björn Daníelsdóttir 5 v.
3. Sarvina Jasline Nirmal johnpaul 5 v,

[Lokastaðan á Chess-Results](#)

U10-flokkur (2014 og 2015)

33 keppendur tóku þátt og þar af voru 10 stúlkur



Haukur Víðis Leósson fékk 6½ vinning og varð Íslandsmeistari í opnum flokki.

Katrín Ósk Tómasdóttir varð efst stúlkna. Verðlaunahafar urðu sem hér segir:

Strákar

1. Haukur Víðis Leósson 6½ v.
2. Pétur Úlfar Ernisson 6 v.
3. Nökkvi Már Valsson 5½ v.

Stúlkur

1. Katrín Ósk Tómasdóttir 4.
2. Margrét Einarsdóttir 4 v.
3. Þóra Kristin Jónsdóttir 3 v.

[Lokastaðan á Chess-Results](#)

U12-flokkur (2012 og 2013)

24 keppendur tók þátt og þar af 11 stúlkur. Nánast helmingur!



Birkir Hallmundarson og **Örvar Hólm Brynjarsson** komu jafnir í mark með 6 vinninga.

Þeir háðu aukakeppni sem Birkir vann 2-0 og varð þar með Íslandmeistari í opnum flokki. **Halldóra Jónsdóttir** varð Íslandsmeistari stúlkna.

Verðlaunahafar urðu sem hér segir:

Strákar

1. Birkir Hallmundarson 6 v. + 2 v.
2. Örvar Hólm Brynjarsson 6 v. + 0 v.
3. Tristan Fannar Jónsson 5½ v .

Stúlkur

1. Halldóra Jónsdóttir 4½ v.
2. Harpa Hrafney Karlsdóttir 4 v.
3. Sigrún Tara Sigurðardóttir

[Lokastaðan á Chess-Results](#)

U14-flokkur (2010 og 2011)

20 keppendur tóku þátt og þar af aðeins tvær stúlkur. Þar urðu sérdeilis óvænt úrslit.



Hauka-strákurinn **Tristan Nash Alguno Openia** sem er var aðeins níundi stigaröðinni vann mótið með 6 vinningum og varð þar Íslandsmeistari í opnum flokki! Frábær árangur enda ekki svo langt síðan hann byrjaði að tefla. **Guðrún Fanney Briem** varð önnur og er Íslandsmeistari stúlkna.

Verðlaunahafar urðu sem hér segir

Strákar

1. Tristan Nash Alguno Openia 6 v.
2. Theodór Eiríksson 5 v.
3. Sigþór Árni Sigurgeirsson 5 v.

Stúlkur

1. Guðrún Fanney Briem 5½ v.
2. Margrét Kristín Einarsdóttir 2 v.

[Lokastaðan á Chess-Results](#)

U16-flokkur (2008 og 2009)

Eins og venjulega voru fæstir í u16-flokknum. Það er þó liðin tíð að það þyrfti sameina honum flokknum fyrir neðan eins og hér áður fyrr. Átta keppendur tóku þátt.



Mikael Bjarki Heiðarsson vann allar sínar skákir og varð Íslandsmeistari í opnum flokki. **Katrín María Jónsdóttir** varð Íslandsmeistari stúlkna.

Strákar

1. Mikael Bjarki Heiðarsson 7 v.
2. Markús Orri Jóhannsson 6 v.
3. Markús Orri Óskarsson 5 v.

Stúlkur

1. Katrín María Jónsdóttir

[Lokastaðan á Chess-Results](#)

Skákstjórar voru: Páll Sigurðsson, Harpa Ingólfssdóttir, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Hildur Berglind Jóhannsdóttir, Gunnar Björnsson, Þorsteinn Magnússon, Auðbergur Magnússon, Stefán Steingrímur Bergsson, Ingvar Þór Jóhannesson og Lenka Ptácníková.

Skáksambandið vill þakka öllum þeim sem komu að mótinu. Sérstaklega Heimkaupum og svo Taflfélagi Garðabæjar.

Íslandsmót stúlknasveita 2025

Íslandsmót stúlknasveita fór fram laugardaginn, 25. janúar í skákhöllinni í Faxafeni 12. Tveir flokkar voru tefldir í Friðrikssal TR en yngsti flokkurinn í húsnæði Skákskólans.

17 sveitir frá níu skólum tóku þátt.

Rimaskóli vann sigur í yngsta og elsta flokki og **Hvaleyrarskóli** í miðflokki.

1.-2. bekkur



Rimaskóli hafði mikla yfirburði. Sveitin hluti 12 vinninga af 12 mögulegum! Landakotsskóli varð í öðru sæti og Lindaskóli í því þriðja.

Sveit Rimaskóla skipuðu: **Elsa María**, **Gunnhildur Aþena** og **Ásta Sóllilja**.

Liðsstjóri: **Helgi Árnason**

[Lokastaðan á Chess-results](#)

3.-5. bekkur



Hvaleyrarskóli vann sigur eftir spennandi baráttu. Landakotsskóli varð í öðru sæti og Kársnesskóli í því þriðja.

Sveit Hvaleyrarskóla skipuðu: **Katrín Ósk Tómasdóttir, Sigurrós Hansen Bjarkadóttir og Emilía Klara Tómasdóttir.**

Liðsstjóri: **Ægir Magnússon.**

[Lokastaðan á Chess-results](#)

6.-10. bekkur



Rimaskóli hafði sigur eftir spennandi baráttu við Hörðuvalla/Kóraskóla. B-sveit Rimaskóla varð í þriðja sæti.

Sveit Rimaskóla skipuðu: **Emilía Embla B. Berglindadóttir**, **Sigrún Tara Sigurðardóttir** og **Emilía Sigurðardóttir**.

Liðsstjóri: **Helgi Árnason**

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Skákstjórar voru Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Daði Ómarsson, Auðbergur Magnússon, Hrunn Hauksdóttir og Iðunn Helgadóttir.

[Frétt á skák.is](#)

Íslandsmót grunnskólasveita 2025



Fór fram í Rimaskóla 30. mars. Tefldar voru sjö umferðir með tímamörkunum 10+2. Fjöldi sveita var 21 og þar af nokkrar sveitir utan af landi, sem var fagnaðarefni.

Hvaleyrarskóli, úr Hafnarfirði, varð Íslandsmeistari eftir mjög spennandi keppni.

Liðsmenn Hvaleyrarskóla voru:

1. **Tristan Nash Alguno Openia**
2. **Milosz Úlfur Olszewski**
3. **Kristófer Árni Egilsson**
4. **Katrín Ósk Tómasdóttir**

Liðsstjóri var **Ægir Magnússon**.

Sveit Vatnsendaskóla endaði í 2. sæti.

Húnaskóli, frá Blönduósi, varð í 3. sæti og varð jafnframt efstur landsbyggðarsveita.

Liðsmenn Húnaskóla voru:

1. **Robin Peter Erlendsson Weinert**
2. **Eyjólfur Örn Þorgilsson**
3. **Ari Ingvarsson**
4. **Aron Örn Ólafsson**

Liðsstjóri var **Unnar Árnason**.



Borðaverðlaun hlutu:

1.borð	Vinningafjöldi:	Skóli:
Tristan Nash Alguno Openia	7	Hvaleyrarskóli
Bjartur Þórisson	6	Austurbæjarskóli
3.borð		
Kristófer Árni Egilsson	7	Hvaleyrarskóli
4.borð		
Tryggvi Leó Hendriksson	6,5	Helgafellsskóli
Ívan Gauti Ívarsson	6 v.	Barnaskólinn á Eyararbakka og Stokkseyri

Skákstjórar á mótinu voru Daði Ómarsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Auðbergur Magnússon ásamt fleirum.

[Frétt á skák.is](http://skak.is)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Íslandsmót barnaskólasveita 2025



Mótið fór fram 29. mars í Rimaskóla. Tefldar voru 8 umferðir með tímamörkunum 10+2. 36 sveitir tóku þátt og komu nokkrar þeirra af landsbyggðinni.

Rimaskóli varð Íslandsmeistari. Sveitin hlaut 25 vinninga af 32 mögulegum.

Liðsmenn Rimaskóla voru:

1. **Tristan Fannar Jónsson**
2. **Emilía Embla B. Berglindardóttir**
3. **Sigrún Tara Sigurðardóttir**
4. **Emilía Sigurðardóttir**

Liðsstjóri: **Helgi Árnason**

Langholtsskóli endaði í 2. sæti og Lindaskóli í 3. sæti.



Flúðaskóli varð efstur landsbyggðarsveita.

Sveitina skipuðu:

1. Fannar Kristinsson
2. Loftur Þorsteinsson
3. Kacper Jerzy Sójka
4. Helgi Fannar Oddsson

1.borð	Vinningafjöldi:	Skóli:
Birkir Hallmundarson	8	Lindaskóli
Dagur Sverrisson	8	Vesturbæjarskóli a-sveit
Pétur Úlfar Ernisson	7	Langholtsskóli A-sveit
2.borð		
Örvar Hólm Brynjarsson	8	Lindaskóli
Emilía Embla B. Berglindardóttir	7	Rimaskóli a-sveit
3.borð		
Emilía Klara Tómasdóttir	7	Hvaleyrarskóli b-sveit
4.borð		
Inga Jóna Haarde Vignisdóttir	7	Melaskóli a-sveit
Helgi Fannar		Flúðaskóli a-sveit
Derick Matthias	7	Austurbæjarskóli a-sveit

Mótsstjórn var í höndum Jóhönnu Bjargar Jóhannsdóttur. Skákstjórar ásamt Jóhönnu voru Daði Ómarsson, Róbert Lagerman, Auðbergur Magnússon, Hrund Hauksdóttir og Heimir Páll Ragnarsson.

[Frétt á skák.is](#)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Íslandsmótið í netskák

Rafípróttasambandið, í samstarfi við Skáksamband Íslands, hélt Íslandsmótið í netskák haustið 2024. Um var að ræða útsláttarkeppni þar sem 16 skákmeistarar kepptu um titilinn. Þrjú boðsæti inn í úrslitakeppnina voru í boði í gegnum undankeppni. Tímamörk voru 3+2 og einvíginn voru tíu skákir að lengd.



Hjörvar Steinn Grétarsson varð Íslandsmeistari í netskák. Hann lagði **Helga Ólafsson** í úrslitaeinvíginu.

Mótið fór fram á chess.com og var sýnt beint frá öllum viðureignum á Sjónvarpi Símans. **Björn Ívar Karlsson** og **Ingvar Þór Jóhannesson** sáu um skákskýringar, ásamt aðkomu fleiri skýrenda. **Benedikt Briem** sá um tæknistjórn útsendinga. Mótið fékk góðar viðtökur og útsendingarnar mikið áhorf.

Náanar á skák.is

Íslandsmót barnaskólasveita, 2025, 1.–3. bekkur



Mótið fór fram í Rimaskóla 8. mars. Tefldar voru sjö umferðir með tímamörkunum 5+2. Keppnin var æsispennandi. Svo fór að **Hofsstaðaskóli** frá Garðabæ vann sigur með minnsta mun. Sveitin hlaut 22½ vinning af 28 mögulegum. Aðeins hálfum vinning meira en Rimaskóli sem varð í öðru sæti. Söguleg tíðindi en þetta mun vera í fyrsta skipti sem sveit frá Garðabæ fagnar sigri á skólamóti. Skáksveit Vesturbæjarskóla verð í þriðja sæti. Sveit Íslandsmeistara Hofstaðastóla skipuðu

1. **Jakob Þór Emilsson**
2. **Þorvaldur Orri Haraldsson**
3. **Helgi Þór Hallgrímsson**
4. **Benedikt Dagur Freysson**

Liðsstjóri var **Harald Björnsson**.

Rimaskóli fór mikinn á mótinu og urðu b- og c-veitir skólans eftar slíkra sveita.

Borðaverðlaun



1.borð

Miroslava Skibina	7	Landakotsskóli
Hafþór Haarde Vignisson	7	Melaskóli
Dagur Sverrisson	6	Vesturbæjarskóli A-sveit

2.borð

Alexander Dagur	7	Vatnsendaskóli
Tauras Nareika	6	Vesturbæjarskóli B-sveit
Þorvaldur Orri Haraldsson	6	Hofsstaðaskóli
Mikael Már Atlason	6	Rimaskóli A-sveit

3. Borð

Sævar Svan Valdimarsson	7	Rimaskóli A-sveit
-------------------------	---	-------------------

4.borð

Benedikt Dagur Freysson	7	Hofsstaðaskóli
Elsa María Bachadóttir	6	Rimaskóli B-sveit

Mótið var undir öruggri mótstjórn Jónnunu Bjargar Jóhannsdóttur. Auk hennar sáu Daði Ómarsson, Róbert Lagerman, Auðbergur Magnússon og Hrund Hauksdóttir um skákstjórn.

[Frétt á skák.is](#)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Landsmótið í skólaskák 2025



Mótið fór fram á **Ísafirði** 2.-4. maí. Mótsstaður var Grunnskólinn á Ísafirði.

Teflt var í þremur flokkum, flokki 1.-4. bekkjar, flokki 5.-7. bekkjar og flokki 8.-10. bekkjar.

Tólf fulltrúar af öllu landinu voru í flokkunum þremur, samtals 36 keppendur. Tefldar voru 11 umferðir, allir við alla, með tímamörkunum 15+5.

1.-4. Bekkur

Pétur Úlfar Ernisson, Langholtsskóla, gerði sér lítið fyrir og vann allar sínar skákir og endaði því mótið með fullu húsi. Meiri spenna var um næstu sæti, en að lokum voru það tveir ungir menn sem skáru sig nokkuð úr hópnum í 2.-3. sæti, einum og hálfum vinningi fyrir ofan fjórða sætið. Það voru þeir **Dawid Berg Charzynski**, Kópavogsskóla, og **Dagur Sverrisson**, Vesturbæjarskóla með 9 vinninga. Spútnik maður mótsins varð svo **Samúel Máni Samúelsson** frá Ísafirði með 6 vinninga og öruggur sigurvegari landsbyggðarverðlaunanna.



Rk.	SNo	Name	FED	Rtg	Club/City	Pts.
1	4	Petur Ulfar Ernisson	ISL	1791	Langholtsskóli	11
2	2	Dawid Berg Charzynski	ISL	1535	Kópavogsskóli	9
3	11	Dagur Sverrisson	ISL	1414	Vesturbæjarskóli	9
4	7	Miroslava Skibina	ISL	1423	Landakotsskóli	7,5
5	9	Samuel Mani Samuelsson	ISL	0	Grunnskólinn á Ísafirði	6
6	8	Jakob Thor Emilsson	ISL	0	Hofsstaðarskóli	6
7	1	Erlendur Sigurdarson	ISL	0	Rimaskóli	5,5
8	6	Prakul Bent Bahadur Gurung	ISL	0	Fellaskóli	5
9	5	Emilia Klara Tomasdottir	ISL	0	Hvaleyrarskóli	4
10	10	Marey Kjartansdottir	ISL	0	Kársnesskóli	2
11	12	Petur Ivar Eythorsson	ISL	0	Grunnskólinn á Ísafirði	1
12	3	Daniel Atlas Johannesson	ISL	0	Heiðarskóli	0

5.-7. bekkur

Spennan var gríðarleg í þessum flokki á seinni deginum. Með sigri í næstsíðustu umferð gegn Hauki Víðis Leóssyni, Hlíðaskóla, náði þó **Birkir Hallmundarson**, Lindaskóla, að tryggja sér sigur í mótinu. Heimamaðurinn Karma Halldórsson vann Birki í síðustu umferð með smekklegri taktík og eftir það voru toppsætin nokkuð þétt setin: **Birkir** með 10 vinninga og þeir **Karma** og **Haukur** með 9.5, Haukur skör neðar á oddastigum. Efstur landsbyggðarkeppenda sem ekki fékk aðalverðlaun var **Nirvaan Halldórsson**, sem fékk 6 vinninga. Gott mót hjá þeim og spennandi tímar framundan í skáklífi Vestfjarða.



Rk.	SNo	Name	FED	Rtg	Club/City	Pts.
1	6	Birkir Hallmundarson	ISL	1817	Lindaskóli	10
2	12	Karma Halldorsson	ISL	1703	Grunnskólinn á Ísafirði	9,5
3	5	Haukur Vidis Leosson	ISL	1784	Hlíðaskóli	9,5
4	8	Emilia Embla B. Berglindardottir	ISL	1412	Rimaskóli	8
5	4	Orvar Holm Brynjarsson	ISL	1804	Lindaskóli	7
6	7	Nirvaan Halldorsson	ISL	1400	Grunnskólinn á Ísafirði	6
7	2	Emil Finnsson Fenger	ISL	1511	Melaskóli	5
8	11	Katrin Osk Tomasdottir	ISL	1493	Hvaleyrarskóli	4,5
9	3	Harpa Hrafney Karlsdottir	ISL	1575	Lundarskóli	3,5
10	1	Sigrun Tara Sigurdardottir	ISL	1417	Rimaskóli	2
11	9	Ivan Gauti Ivarsson	ISL	0	Bsk. á Eyrarbakka og Stokkseyri	1
12	10	Elvar Thor Sigurdsson	ISL	0	Myllubakkaskóli	0

8.-10. Bekkur

Mikael Bjarki Heiðarsson, Vatnsendaskóla, sigraði með miklum yfirburðum. Hann fékk 11 vinninga, fullt hús. Fyrrum landsmótsmeistari **Markús Orri Óskarsson**, Síðuskóla, varð annar með 9.5 vinning og þriðji **Jósef Omarsson** Landakotsskóla. Efstur keppenda af landsbyggðinni, fyrir utan Markús, var liðsfélagi hans úr SA, **Sigbór Árni Sigurgeirsson**, Oddeyrarskóla, með 6.5 vinning.



Rk.	SNo	Name	FED	Rtg	Club/City	Pts.
1	12	Mikael Bjarki Heidarsson	ISL	1931	Vatnsendaskóli	11
2	7	Markus Orri Oskarsson	ISL	2010	Síðuskóli	9,5
3	9	Josef Omarsson	ISL	1947	Landakotsskóli	8,5
4	3	Gudrun Fanney Briem	ISL	1834	Kóraskóli	8
5	6	Sigurdur Pall Gudnyjarson	ISL	1679	Lindaskóli	7
6	8	Sigthor Arni Sigurgeirsson	ISL	1649	Oddeyrarskóli	6,5
7	1	Theodor Eiriksson	ISL	1845	Foldaskóli	5
8	10	Kristofer Arni Egilsson	ISL	1461	Hvaleyrarskóli	3,5
9	11	Jonas Jokull Sigurjonsson	ISL	0	Laugalækjarskóli	3
10	5	Sigurjon Kari Eyjolfsson	ISL	1406	Grunnskólinn á Ísafirði	2
11	4	Jon Elli Bjarkason	ISL	1429	Grunnskólinn Hellu	1
12	2	Oskar Atli Orvarsson	ISL	0	Bsk. á Eyrarbakka og Stokkseyri	1

Skipuleggjandi mótsins var **Haldór Pálmi Bjarkason** og skákstjórar voru **Gauti Páll Jónsson** Landsmótsstjóri og **Björn Ívar Karlsson**. Mótshaldið fór vel fram og nutu keppendur, og aðrir mótsgestir, mikillar veðurlíðu á Ísafirði.

Síminn Invitational netskák mótið

Skáksamband Íslands hélt *Síminn Invitational* í samstarfi við Rafíþróttasamband Íslands. Um var að ræða netskák mót í framhaldi af vel heppnuðu Íslandsmóti í netskák. Mótið hófst í janúar 2025 og lauk í apríl. 16 keppendur tefldu útsláttarkeppni. Sýnt var frá öllum viðureignum í beinni útsendingu á Sjónvarpi Símans.

Hannes Hlífur Stefánsson varð sigurvegari mótsins, lagði **Vigni Vatnar Stefánsson** í úrslitum.



16-manna úrslit:

9. janúar

- **Helgi Ólafsson** – Halldór B. Halldórsson 4-0
- Jóhann Hjartarson – **Ingvar Þór Jóhannesson** 2-4

26. janúar

- Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir – **Bragi Þorfinnsson** 0-4
- Helgi Áss Grétarsson – **Hannes Hlífur Stefánsson** 0-4
- Björn Þorfinnsson – **Aleksandr Domalchuk-Jonasson** 4-2

9. febrúar

- Davíð Kjartansson – **Símon Þórhallsson** 3-4
- **Hilmir Freyr Heimisson** – Dagur Ragnarsson 3,5-2,5
- Guðmundur Kjartansson – **Vignir Vatnar Stefánsson** 1-4

Átta manna úrslit:

9. mars

- Bragi Þorfinnsson – **Hannes Hlífur Stefánsson** 2,5-3,5
- **Helgi Ólafsson** – Ingvar Þór Jóhannesson 3,5-0,5

16. mars

- **Aleksandr** – Hilmir 3,5-1,5
- **Vignir** – Símon 3,5-0,5

Undanúrslit:

23. mars

Helgi Ólafsson- **Hannes Hlífur Stefánsson** 5-6

30. mars

Vignir Vatnar Stefánsson – Aleksandr Domalchuk Jonasson 5,5-0,5

Úrslit

6. apríl

Vignir Vatnar Stefánsson – **Hannes Hlífur Stefánsson** 1-6



Ingvar Þór Jóhannesson og **Björn Ívar Karlsson** sáu um skákspýringar ásamt aðkomu fleiri skýrenda. **Daði Ómarsson** sá um tæknistjórnun útsendinga. **Gunnar Björnsson** var mótstjóri.

Það voru Collab, Ljósleiðarinn, Lengjan og Síminn sem styrktu mótshaldið og útsendingarnar.

Afmælistótt FIDE 2024

Þann 20. júlí 2024 stóð FIDE fyrir heimsmetstíltraun sem tókst! Aldrei hafa fleiri skákir verið tefldar samdægurs í heiminum eða um 8 milljónir skáka. Þar með talið á Ingólfstorgi, Húsavík, Akureyri, Taflfélagi Reykjavíkur og KR-heimilinu!

Mótið á Ingólfstorgi var hápunktur alþjóðlega skákdagsins á Íslandi og eini skákviðburðurinn í heiminum þar sem maður sem hefur gengt forsetaembætti FIDE var viðstaddur! **Friðrik Ólafsson**, forseti FIDE, lék fyrsta leikinn fyrir **Björn Þorfinnsson** gegn **Júlíusi Björnssyni**.



Arnar Gunnarsson vann sannfærandi sigur á mótinu. Arnar hlaut $8\frac{1}{2}$ vinning í 9 skákum, leyfði aðeins jafntefli gegn **Róberti Lagerman**. **Björn Þorfinnsson** varð annar með 7 vinninga. **Þróstur Þórhallsson**, **Dagur Ragnarsson**, **Bragi Þorfinnsson**, **Andri Áss Grétarson** og **Olga Prudnykova** urðu í 3.-6. sæti með 6 vinninga. Þróstur hlaut bronsið eftir stigaútreikng.

33 keppendur tóku þátt í mótinu sem teflt var í frábæru veðri. Reykjavíkurborg fær þakkir fyrir að leyfa okkur að tepla á Ingólfstorgi.

Skákstjórar voru Gunnar Björnsson, Ingvar Þór Jóhannesson og Björn Ívar Karlsson.

[Nánar á Skák.is.](#)

[Lokastaðan á Chess-Results.](#)

Reykjavíkurskákómótið 2025 – í boði Kviku eignastýringar og Brims

Reykjavíkurskákómótið, í boði Kviku eignastýringar og Brims, fór fram 10.-15. apríl í Hörpu. Teflt var til heiðurs minningu Friðriks Ólafssonar.

Parham Maghsoodloo, frá Íran, varð sigurvegari mótsins með 7,5 vinning.

Metþátttaka var á mótinu en 419 keppendur, frá 51 landi, tóku þátt í mótinu. Þar af voru 90 Íslendingar og 35 stórmeistarar. Alls voru tefldar 1810 skákir á mótinu!



Lokastaðan:

Röð			Þjóð	Stig	V	Verðlaun (€)
1	GM	Parham Maghsoodloo	IRI	2684	7½	5.000
2	GM	Vasyl Ivanchuk	UKR	2604	7	1.361
3	GM	Mahammad Muradli	AZE	2588	7	986
4	GM	Velimir Ivic	SRB	2623	7	761
5	GM	Abhijeet Gupta	IND	2576	7	661
6	GM	Shanglei Lu	CHN	2618	7	586
7	GM	Brandon Jacobson	USA	2570	7	537
8	GM	Elham Amar	NOR	2546	7	536
9	GM	Matthieu Cornette	FRA	2528	7	536
10	GM	Joshua Friedel	USA	2552	7	536

Kvennaverðlaunahafar

Röð			Stig	V	Verðlaun (€)
25	IM	Miaoyi Lu	2429	6½	1.100
32	IM	Leya Garifullina	2459	6	750
33	IM	Yuxin Song	2371	6	450
44	WGM	Janelle Mae Frayna	2311	6	300

Öldungaverðlaun (65+)



Röð			Stig	V	Verðlaun (€)
89	GM	Lothar Vogt	2229	5½	400
176		Haraldur Haraldsson	1954	5	200
178		Ogmundur Kristinsson	2000	5	150

Unglingaverðlaun (U-16)

Röð			Stig	V	Verðlaun (€)
13	GM	Shreyas Royal	2465	6½	250
22		Felix Borne	2225	6½	150
23	FM	David George Samir	2303	6½	100

Verðlaun í stigaflokknum 2201-2400

Röð			Stig	V	Verðlaun (€)
17	IM	Sharma Dushyant	2313	6½	250
22		Felix Borne	2225	6½	150
23	FM	David George Samir	2303	6½	100

Verðlaun í stigaflokknum 2001-2200

Röð			Stig	V	Verðlaun (€)
47	FM	Filipa Fortuna Pipiras	2195	6	250
50		Enrico Vroombout	2161	6	150
73		Nilsu Pattnayak	2146	5½	100

Verðlaun í stigaflokknum 0-2000

Röð			Stig	V	Verðlaun (€)
93		Yannick Woods	1979	5½	250
98		Rithvik Deepak Ambattu	1971	5½	150
106		Eric F Eedle	1972	5	100

Árangur miðað við eigin skákstig

Röð		Flokkur	Stig	Rp	rp-ro	Verðlaun (€)
22	Felix Borne	U16	2225	2503	278	250
205	Vasileios Chompas	U16	1711	1987	276	150
108	Karthikeya N Vihaan	U16	2024	2268	244	100

Meðfram mótinu voru haldnir ýmsir hliðarviðburðir. Þar á meðal var **Harpa Blitz** þar sem 177 keppendur tóku þátt. Kínverski stórmeistarinn **Lu Shanglei** sigraði á mótinu með 9 vinninga af 10 mögulegum.

Að loknu móti var haldið lokahóf í Ráðhúsi Reykjavíkur. **Kristinn Jón Ólafsson**, borgarfulltrúi og varaformaður Íþrótt- og tómstundaráðs bauð gesti velkomna og tók þátt í verðlaunafhendingu ásamt forseta og varaforseta SÍ.

Styrktaraðilum, frábæru starfsfólki og síðast en ekki síst keppendum er þökkuð þátttakan í vel heppnuðu móti.

[Nánar á skák.is](http://skak.is)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Skákmót og landskeppnir erlendis

Ólympíuskákmótið 2024

Ólympíuskákmótið fór fram 11.-22. september í Búdepest, Ungverjalandi. Ísland sendi sveitir til leiks í opnum flokki og kvennaflokki. Liðsmenn Íslands í opnum flokki voru:

1. GM **Vignir Vatnar Stefánsson** (2531)
2. GM **Guðmundur Kjartansson** (2478)
3. GM **Hannes Hlífar Stefánsson** (2471)
4. IM **Hilmir Freyr Heimisson** (2391)

Varamaður: GM **Helgi Áss Grétarsson** (2450)

Liðsstjóri: **Helgi Ólafsson**.



Frammistaða íslenska liðsins í opna flokknum var undir væntingum en sveitin hlaut 12 stig og 24½ vinning af 44 mögulegum og varð í 68. sæti af 188 þátttökuliðum. Íslenska liðið hóf mótið í 46. sæti á stigum.

Indland varð Ólympíumeistari í opnum flokki.

68. Iceland (Iceland / RtgAvg:2483, Captain: Olafsson, Helgi / TB1: 12 / TB2: 247)																						
Bo.	Name	Rtg	FED	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	Pts.	Games	Rp	w	we	w-we	Krtg	+/-
1	GM Stefansson, Vignir Vatnar	2531	ISL	0	1	1	0	½	0	0	1	0			3,5	9	2420	3,5	4,82	-1,32	10	-13,2
2	GM Kjartansson, Gudmundur	2478	ISL	0	1	1	1	0	½	0		0	1		4,5	9	2407	4,5	5,28	-0,78	10	-7,8
3	GM Stefansson, Hannes	2471	ISL	1	0		1	½		0	1	1	1	1	6,5	9	2485	6,5	5,78	0,72	10	7,2
4	IM Heimisson, Hilmir Freyr	2391	ISL	1	0	1	1		0	½	0		1		4,5	8	2287	4,5	5,23	-0,73	10	-7,3
5	GM Gretarsson, Helgi Ass	2450	ISL	1	0	1		1	0	½		1	0	1	5,5	9	2413	5,5	5,26	0,24	10	2,4

Bestum árangri liðsins í opnum flokki náði **Hannes H. Stefánsson**, sem fékk 6,5 vinning af 9.

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Liðsmenn Íslands í kvennaflokki voru:

1. WGM **Lenka Ptácníková** (2065)
2. **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** (2013)
3. WFM **Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir** (1938)
4. **Iðunn Helgadóttir** (1837)

Varamaður: **Guðrún Fanney Briem** (1764)

Liðsstjóri: **Ingvar Þór Jóhannesson**



Íslenska liðið sem tefldi í kvennaflokknum getur vel við sinn árangur unað með tvo nýliða innanborðs, þær Iðunni og Guðrúnu Fanneyju. Liðið fékk 12 stig og hlaut 25½ vinning af 44 mögulegum og hafnaði í 58. sæti af 169 þátttökuliðum. Sveitin hóf mótið í 72. sæti á stigum.

Indland varð Ólympíumeistari í kvennaflokki.

58. Iceland (Iceland / RtgAvg:1963, Captain: Johannesson, Ingvar Thor / TB1: 12 / TB2: 235,5)																							
Bo.		Name	Rtg	FED	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	Pts.	Games	Rp	w	we	w-we	K	rtg+/-
1	WGM	Ptacnikova, Lenka	2065	ISL	0	1	½	1	0	1	0	1	1	½	6	10	2093	6	5,55	0,45	20	9	
2		Johannsdottir, Johanna Bjorg	2013	ISL	1	0	0	1	0	1	½	½	1	5	9	1911	4	4,34	-0,34	20	-6,8		
3	WFM	Thorsteinsdottir, Hallgerdur	1938	ISL	1	½	1	½	1	1	0	1	0	1	7	10	2014	6	4,24	1,76	20	35,2	
4		Helgadottir, Idunn	1837	ISL	1	0	½	0	0	1	1	½	1	5	9	1809	4	3,89	0,11	40	4,4		
5		Briem, Gudrun Fanney	1764	ISL	1	0	1	0	½	0	2,5	6	1647	1,5	2,04	-0,54	40	-21,6					

Bestum árangri liðsins í kvennaflokki náði **Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir**, sem fékk 7 vinninga af 10.

[Lokastaðan á Chess-results](#)

[Nánar á skák.is](#)

Norðurlandamót

Norðurlandamót ungmenna 2025 (Norðurlandamótið í skólaskák)

Fór fram á Hótel Borgarnesi 14.-16. febrúar. Tefldar voru sex umferðir með tímamörkunum 90+30. Mótinu er skipt upp í fimm flokka, eftir aldri. Íslensku fulltrúarnir á mótinu voru tólf.



A-flokkur (18-20 ára):

IM Aleksandr Domalchuk-Jonasson (2370)

Benedikt Briem (2193)

Benedikt Þórisson (2088)

B-flokkur (16-17 ára):

Markús Orri Óskarsson (2025)

Mikael Bjarki Heiðarsson (1937)

C-flokkur (14-15 ára):

Jósef Omarsson (1950)

Sigurður Páll Guðnýjarson (1909)

D-flokkur (12-13 ára):

Birkir Hallmundarson (1890)

Örvar Hólm Brynjarsson (1723)

Emilía Embla B. Berglindardóttir (1669)

E-flokkur (10-11 ára):

Haukur Víðis Leósson (1745)

Pétur Úlfar Ernisson (1619)



Aleksandr Domalchuk-Jonasson varð Norðurlandameistari í A-flokki með 5,5 vinning,

Benedikt Briem varð þriðji með 4 vinninga og **Benedikt Þórisson** í 7. sæti með 2,5 vinning.

Í B-flokki varð Aku Salonen, frá Finnlandi, Norðurlandameistari með 5 vinninga. Íslensku

keppendurnir **Markús Orri Óskarsson** og **Mikael Bjarki Heiðarsson** fengu báðir 2,5

vinning og enduðu í 8.-9. sæti.

Í C-flokki varð Evsuld Myagmarsuren, frá Noregi, Norðurlandameistari með 5,5 vinning.

Jósef Omarsson fékk 3 vinninga og endaði í 6. sæti. **Sigurður Páll Guðnýjarson** fékk 2,5 vinning og endaði í 9. sæti.

Í D-flokki sigraði Isai Sivaparan frá Noregi með 5 vinninga. **Örvar Hólm Brynjarsson** endaði í 8. sæti með 3 vinninga, **Birkir Hallmundarson** varð í 9. sæti með 2,5 vinninga og **Emilía Embla B. Berglindardóttir** í 11. sæti með 1,5 vinning.

Í E-flokki sigraði Yiming Zhang frá Finnlandi með 5,5 vinning. **Haukur Víðis Leósson** varð í 4. sæti með 3,5 vinning og **Pétur Úlfar Ernisson** varð í 9. sæti með 2 vinninga.

Finnar náðu besta heildarárangrinum á mótinu.

Þjálfarar íslenska hópsins voru Björn Ívar Karlsson og Vignir Vatnar Stefánsson.

Um mótstjórn sáu Gunnar Björnsson, Ingvar Þór Jóhannesson og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir.

[Frétt á skák.is](#)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Norðurlandamót stúlkna 2025



Fór fram í Fredericia í Danmörku dagana 25.-27. apríl.

Ísland átti nú fulltrúa á mótinu sem tefldu í þremur aldursskiptum flokkum:

A-flokkur U-20

Iðunn Helgadóttir

Katrín María Jónsdóttir

B-flokkur U-16

Guðrún Fanney Briem

C-flokkur U-12

Emilía Embla B. Berglindardóttir

Halldóra Jónsdóttir

Harpa Hrafney Karlsdóttir

Katrín Ósk Tómasdóttir

Miroslava Skibina

Sigrún Tara Sigurðardóttir



Íðunn Helgadóttir varð Norðurlandameistari í A-flokki með 4 vinninga af 5. **Katrín María Jónsdóttir** varð í 11. sæti með 1,5 vinning.

Guðrún Fanney Briem varð Norðurlandameistari í B-flokki með 4,5 vinninga af 5.

Í C-flokki átti Ísland sex keppendur. **Halldóra Jónsdóttir** og **Emilía Embla B.**

Berglindardóttir fengu 3,5 vinning og urðu í 5.-7. sæti. **Harpa Hrafney Karlsdóttir** hlaut 3 vinninga, **Katrín Ósk Tómasdóttir** og **Sigrún Tara Sigurðardóttir** fengu 2 vinninga og **Miroslava Skibina** 1 vinning.

Þjálfari hópsins var Björn Ívar Karlsson.

[Frétt á skák.is](http://skak.is)

Norðurlandamót grunnskólasveita 2024



Mótið fór fram 13.-15. september í Bodø í Noregi. Fulltrúar Íslands á mótinu komu frá **Vatnsendaskóla** í Kópavogi.

Vatnsendaskóli endaði í fjórða sæti – aðeins vinningi frá verðlaunsæti.

Sveitin hlaut 8 vinninga af 16 mögulegum.

Sveit Vatnsendaskóla skipuðu:

1. Mikael Bjarki Heiðarsson (1948) 2 v. af 4
2. Jóhann Helgi Hreinsson (1646) 1 v. af 4
3. Guðmundur Orri Sveinbjörnsson (1473) 1 v. af 4
4. Arnar Logi Kjartansson (1501) 4 v. af 4

Liðsstjóri var Birkir Karl Sigurðsson.

[Frétt á skák.is](https://www.skak.is)

[Lokastaðan](#)

Norðurlandamót barnaskólasveita 2024



Norðurlandamót barnaskólasveita fór fram 13.-15. september í Bodø í Noregi.

Lindaskóli, Kópavogi, vann til silfurverðlauna. Lindaskóli fékk 16½ vinning af 20 mögulegum. Í eðlilegu árferði ætti það duga örugglega til sigurs en því var ekki fyrir að fara í ár þar sem norska sveitin hlaut 17 vinninga!

Sveit Lindaskóla skipuðu:

1. Sigurður Páll Guðnýjarson (1814) 3½ af 5
2. Engilbert Viðar Eyþórsson (1816) 4 v. af 5
3. Örvar Hólm Brynjarsson (1661) 3 v. af 4
4. Birkir Hallmundarson (1637) 5 v. af 5
5. Nökkvi Hólm Brynjarsson (1487) 1 v. af 1

Liðsstjóri var Birkir Ísak Jóhannsson.

[Frétt á skák.is](#)

[Lokastaðan](#)

Chess Mates



Ísland tók þátt í alþjóðlegri ungmennakeppni í skák, *Chess Mates*, dagana 21.-22. mars 2025 í York á Englandi. ChessMates er samtök sem stuðla að alþjóðlegum ungmennaskákmótum fyrir lið og eru meðlimir frá ýmsum löndum. Ísland tók nú í annað skiptið þátt sem gestur en möguleiki er að Ísland komi að fullu inn í samstarfið.

Liðið Íslands á mótinu var skipað eftirtöldum liðsmönnum:

2005 og yngri: **Benedikt Þórisson, Gunnar Erik Guðmundsson**

2007 og yngri: **Adam Omarsson, Sigurbjörn Hermannsson**

2009 og yngri: **Markús Orri Jóhannsson, Guðrún Fanney Briem**

2011 og yngri: **Emilía Embla B. Berglindardóttir, Tristan Nash Alguno Openia**

2013 og yngri: **Katrín Ósk Tómasdóttir, Tristan Fannar Jónsson**

Íslenska liðið endaði í 4. sæti í sínum riðli.

Rank	Team	Gam.	+	=	-	MP	EDE	Pts.
1	Ireland	3	3	0	0	9	0	18
2	Yorkshire	3	2	0	1	7	0	14½
3	Monaco	3	0	1	2	4	0	14
4	Iceland	3	0	1	2	4	0	13½

Bestum árangri náði **Guðrún Fanney Briem**, sem fékk 4 vinninga af 5 mögulegum.

Liðsstjóri íslenska liðsins var **Ingvar Þór Jóhannesson**.

[Frétt á skák.is](#)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Evrópumót

Evrópumót ungmenna 2024

Evrópumót ungmenna í skák fór fram í Prag í Tékklandi dagana 22.-31. ágúst. Fulltrúar Íslands á mótinu voru alls 23. Tefldar voru níu umferðir.



Guðrún Fanney Briem fékk flesta vinninga Íslendinganna á mótinu, 5 talsins. Næst komu þau Halldóra, Iðunn, Birkir, Emilía Embla, Karma, Sigurður Páll og Miroslava með 4 vinninga. Hæst í stigasöfnun voru Birkir (+81), Guðrún Fanney (+69), Gunnar Erik (+37), Emilía Embla (+27) og Theódór (+27). Karma Halldórsson komst inn á stígalista eftir mótið með 1576 stig.

Evrópumótið var vel heppnað. Skipulag mótshaldara var með ágætum og aðstæður nokkuð góðar, þó sumarhiti hafi á köflum verið talsverð áskorun fyrir íslenska hópinn. Íslensku keppendurnir lögðu sig alla fram við undirbúning, taflmennsku og yfirferð skáka. Samheldnin í hópnum var mikil, óháð aldri, og frístundir nýttar til sameiginlegra leikja. Íslensku keppendurnir fengu dýrmæta reynslu gegn krefjandi andstæðingum.

No.	Name	FideID FED	Rtg	Name
15	Skibina Miroslava	2330440 ISL	1431	Girls - G8
56	Tomasdottir Katrin Osk	2331560 ISL	1430	G10
62	Jonsdottir Halldora	2321939 ISL	1551	G12
73	B. Berglindardottir Emilia Embla	2318946 ISL	1512	G12
54	Briem Gudrun Fanney	2317486 ISL	1764	G14
92	Jonsdottir Katrin Maria	2316706 ISL	1573	G16
56	Helgadottir Idunn	2314118 ISL	1837	G18
73	Leosson Haukur Vidis	2325780 ISL	1620	O10
81	Ernisson Petur Ulfar	2326116 ISL	1573	O10
108	Halldorsson Karma	2324822 ISL	0	O10
92	Brynjarsson Orvar Holm	2321726 ISL	1650	O12
95	Hallmundarson Birkir	2319446 ISL	1637	O12
111	Jonsson Tristan Fannar	2321947 ISL	1491	O12
97	Omarsson Josef	2316102 ISL	1895	O14
114	Gudnyjarson Sigurdur Pall	2321637 ISL	1814	O14
137	Eiriksson Theodor	2322277 ISL	1631	O14
113	Heidarsson Mikael Bjarki	2317532 ISL	1948	O16
123	Oskarsson Markus Orri	2320118 ISL	1915	O16
136	Johannsson Markus Orri	2318539 ISL	1851	O16
84	Thorisson Benedikt	2314576 ISL	2057	O18
99	Omarsson Adam	2311453 ISL	1970	O18
101	Gudmundsson Gunnar Erik	2314339 ISL	1957	O18
127	Hermannsson Sigurbjorn	2325128 ISL	1782	O18

Þjálfarar íslenska hópsins voru Björn Ívar Karlsson, Daði Ómarsson, Gauti Páll Jónsson og Ingvar Þór Jóhannesson.

[Náanar á Skák.is](http://Náanar.á.Skák.is)

Evrópumót einstaklinga 2024

Fór fram í Petrovac í Svartfjallalandi 8.-19. nóvember 2024. Fimm íslenskir keppendur tóku þátt. **Vignir Vatnar Stefánsson** varð efstur Íslendinganna með 6,5 vinning af 11 mögulegum og endaði í 83. sæti. **Guðmundur Kjartansson** fékk 6 vinninga, **Hannes Hlífar Stefánsson** fékk 4,5 vinning og **Helgi Áss Grétarsson** og **Aleksandr Domalchuk-Jonasson** báðir 4 vinninga.



Vignir Vatnar var sá eini Íslendinganna sem hækkaði á skákstigum fyrir frammistöðuna. Serbinn **Alexander Indjic** varð Evrópumeistari með 9 vinninga.

[Nánar á skák.is](https://www.skak.is)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Evrópumót taflfélaga 2024

Evrópumót taflfélaga fór fram í Vrnjacka Banja í Serbíu dagana 20.-26. október 2024. Tvö íslensk lið tóku þátt í mótinu, **Skákdeild Breiðabliks** og **Víkingaklúbburinn**.



22. Breidablik Chess Club (RtgAvg:2286, Captain: Stefansson, Vignir Vatnar / TB1: 9 / TB2: 125,5)																
Bo.	Name	Rtg	FED	FideID	1	2	3	4	5	6	7	Pts.	Games	RtgAvg	K	rtg+/-
1	GM Stefansson, Vignir Vatnar	2541	ISL	2308649	1	½	½	½	0	½	1	4	7	2392	10	-4,6
2	IM Heimisson, Hilmir Freyr	2384	ISL	2309998	1	½	0	1	½	1	1	5	7	2351	10	12,9
3	CM Birkisson, Bardur Orn	2272	ISL	2310597	1	½	0	0	½	1	1	4	7	2322	20	20,6
4	CM Birkisson, Bjorn Holm	2202	ISL	2310600	1	½	0	½	0	0	0	2	7	2298	20	-12,4
5	Johannsson, Birkir Isak	2142	ISL	2314673	1	1	0	1	0	½	½	4	7	2204	20	21,4
6	Briem, Benedikt	2172	ISL	2315432	1	0	0	½	½	½	1	3,5	7	2138	40	-9,6

Blikar enduðu með 9 vinninga sem skilaði 22. sæti sem er töluvert hærra en staða sveitarinnar við upphaf mótsins, sem var númer 40! **Hilmir Freyr** var bestur Blika með 5 vinninga af 7.

51. Viking Chess Club (RtgAvg:2252, Captain: Ingason, Sigurdur / TB1: 6 / TB2: 98,5)														
Bo.	Name	Rtg FED	FideID	1	2	3	4	5	6	7	Pts.	Games	RtgAvg	K rtg+/-
1	GM Hjartarson, Johann	2474 ISL	2300044	0	½	1	0	1	½	0	3	7	2418	10 -10,1
2	IM Thorfinnsson, Bjorn	2356 ISL	2300982	½	1	0	½	1	1	1	5	7	2269	10 7,9
3	FM Sigurpalsson, Runar	2268 ISL	2301024	0	1	0	0	½		0	1,5	6	2247	20 -32,8
4	FM Thorarinsson, Pall A.	2171 ISL	2300923	½	1	0	0	½	½	0	2,5	7	2204	20 -15,8
5	FM Thorhallsson, Simon	2164 ISL	2310090	0	1	1	1	½	1	½	5	7	2163	20 27,2
6	Halldorsson, Jon Arni	2079 ISL	2301075					1	½	½	2	3	1916	20 -2,8
7	CM Runarsson, Gunnar	1994 ISL	2301768	0		0			0		0	3	2122	20 -26,2
8	Ingason, Sigurdur	1800 ISL	2301709		0	0					0	2	2089	20 -6,6

Víkingar enduðu með 6 vinninga sem skilaði 51. sæti en sveitin hóf mótið í 49. sæti í stigaraðinni. **Björn Þorfinnsson** stóð sig best Víkinga með 5 vinninga af 7 ásamt **Símoni Þórhallssyni**, sem tefldi sem lánsmaður. Sveit **Novy Bor** frá Tékklandi varð Evrópumeistari.

[Lokastaðan á Chess-results](#)

[Nánar á skák.is](#)

EM einstaklinga 2025

Fór fram í Eforie Nord í Rúmeníu, 15.-26. mars 2025. Tveir íslenskir keppendur tóku þátt. **Vignir Vatnar Stefánsson** hlaut 6,5 vinning af 11 mögulegum og **Aleksandr Domalchuk-Jonasson** fékk 6 vinninga. Báðir töpuðu þeir stigum á mótinu.



Þjóðverjinn **Matthias Bluebaum** varð Evrópumeistari með 8,5 vinning.

[Lokastaðan á Chess-results](#)

[Nánar á skák.is](#)

Heimsmeistaramót

HM ungmenna 2024



Aleksandr Domalchuk-Jonasson tók þátt í HM ungmenna (u20) sem fram fór í Gujrati á Indlandi dagana 2.-13. júní.

Aleksandr endaði í 24.-38. sæti með $6\frac{1}{2}$ vinning í 11 skákum og stóð sig í samræmi við skákstig.

[Nánar á Skák.is](https://www.skak.is)

HM barna 2024

Birkir Hallmundarson (u12) og **Dagur Sverrisson** (u8) tóku þátt í HM barna sem fram fór í Montesilvano á Ítalíu 15.-26. nóvember. Enginn þjálfari var með íslensku keppendunum á mótisstað en þeir nutu aðstoðar við undirbúning í gegnum fjarfundi frá Helga Ólafssyni og Birni Ívari Karlssyni.



Birkir endaði í 44.-70. Sæti með 6 vinninga í 11 skákum.



Dagur fékk 4,5 vinning úr 10 tefldum skákum. Báðir keppendur lækkuðu örlítið á stigum.

Nánnar á Skák.is

Heimsmeistaramót öldungasveita 2024



Íslensk sveit tók þátt í HM öldungasveita 50+ sem fram fór 2.-11. júlí í Kraká í Póllandi. Liðsmenn Íslands voru: **Helgi Ólafsson, Jóhann Hjartarson, Margeir Pétursson, Jón L. Árnason** og **Pröstur Þórhallsson**. Svo fór að sveitin endaði í fjórða sæti eftir að hafa leitt mótið eftir sex umferðir. Endaspretturinn var að þessu sinni fremur slakur.

Huggun harmi gegn fengu okkar menn þó einstaklingsverðlaun. Margeir Pétursson stóð sig best á 3. borði og Pröstur var bestur í hlutverki varamanns. Jóhann Hjartarson var svo með næstbestan árangur á 2. borði. Enn og aftur er íslenska liðið í seilingarfjarlægð en bæði heimsmeistara- og álfutitlarnir ætla að láta bíða eftir sér!

[Nánar á Skák.is](https://www.skak.is)

[Lokastaðan á Chess-results](#)

Heimsmeistaramót öldungasveita 2025

Ísland tók þátt í HM öldungasveita sem fram fór í Prag í Tékklandi, 17.-26. febrúar 2025.

Liðsmenn Íslands voru **Jóhann Hjartarson**, **Margeir Pétursson**, **Jón L. Árnason**, **Helgi Ólafsson** og **Þróstur Þórhallsson**.



Ísland endaði í 11. sæti sem verður að teljast vonbrigði miðað við að liðið var númer þrjú í styrkleikaröð við upphaf mótsins.

🇮🇸 11. Iceland (RtgAvg:2432, Captain: Jon Gunnar Jonsson / TB1: 11 / TB2: 21,5)																	
Bo.	Name	Rtg FED	FidelID	1	2	3	4	5	6	7	8	9	Pts.	Games	RtgAvg	K	rtg+/-
1	GM Hjartarson, Johann	2464	ISL 2300044	1	½	1	0		0	1	½	½	4,5	8	2396	10	-0,5
2	GM Petursson, Margeir	2403	ISL 2300028	1		½	0	1	0	½	½	½	4	8	2361	10	-3,3
3	GM Thorhallsson, Throstur	2394	ISL 2300109	½	1	1	½					½	3,5	5	2218	10	-0,6
4	GM Olafsson, Helgi	2466	ISL 2300010		1	1	0	½	½	½	½	½	4,5	8	2274	10	-13,8
5	GM Arnason, Jon L	2405	ISL 2300036	1	1		1	1	0	1	0		5	7	2191	10	-1

[Lokastaðan á Chess-results](#)

[Nánar á skák.is](#)

Viðaukar

Forsetar Skáksambands Íslands

Ari Guðmundsson	(6)	1925–26	1933–36
Pétur Zóphóníasson	(6)		1927–32
Björn Halldórsson	(1)		1937
Elías Ó. Guðmundsson	(7)	1938–43	1954
